




Leiðsögn
félag leiðsögumanna

50
ára

AFMÆLISRIT 2022



Landinu virðing – lífinu hlýja

FÉLAG LEIÐSÖGUMANNA FIMMTÍU ÁRA



Félag leiðsögumanna fagnar fimmtíu ára afmæli á þessu ári. Það var stofnað 6. júní 1972 og var tilgangur félagsins að efla samstöðu meðal leiðsögumanna og vinna að bættum kjörum, menntun og fagmennsku.

Fjöltýngdir sérfræðingar

Eins og allir vita hefur ferðapjónustan gerbreyst á þessum fimm áratugum, vaxið úr því að vera jaðargrein yfir hásumarið upp í það að vera einn af helstu burðarásum íslensks atvinnulífs allt árið um kring. Nú eru félagar í Leiðsögn rúmlega níu hundruð. Flestir leiðsögumenn eru *fjöltýngdir*, faglærðir sérfræðingar, hafa háskólanám að baki auk bóklegs og verklegs sérnáms í leiðsögn. Leiðsögumenn vinna við ýmsar tegundir leiðsagnar eða blanda þeim saman eftir þörfum og eftirspurn; almenna leiðsögn, ökuleiðsögn, gönguleiðsögn, jöklaleiðsögn o.s.frv., alls á annan tug sérsviða.

Fagmennska í fyrirrúmi

Leiðsögn – félag leiðsögumanna, er í senn fag- og stéttarfélag. Meðlimir þess eru langflestir faglærðir leiðsögumenn og bera sérstakan skjöld því til sönnunar. Skjöldurinn er nokkurs konar gæðastimpill, tákn um að þarna sé á ferðinni fagmaður sem farþegar, ferðapjónustufyrirtæki og aðrir samstarfsaðilar okkar geta treyst. En hann er líka ákveðið aðhald fyrir okkur faglærða leiðsögumenn, sem verðum þá einnig stöðugt að leggja okkur fram við að þjóna farþegum okkar, sýna að við séum traustsins verð.

Fyrir nokkrum árum var ákveðið að hleypa einnig ófaglærðum leiðsögumönnum inn í félagið, að uppfylltum tilteknum skilyrðum og þeir jafnframt hvattir að afla sér fullrar menntunar á sviði leið-

sagnar. Nú er unnið að því að efla enn menntun leiðsögumanna í samstarfi við skólakerfið og yfirvöld og tryggja þannig að fagmennskan verði í fyrirrúmi og til enn frekari sóma fyrir stéttina, og þar með ferðapjónustuna almennt.

Framtíðin er björt

Eftirspurn eftir góðu og vel menntuðu starfsfólki í ferðapjónustunni er mikil og leiðsögumenn eru framlínufólkið í þeim geira. Leiðsögumannsstarfið er gríðarlega fjölbreytt og skemmtilegt, ekki síst fyrir ungt fólk sem hefur gaman af því að ferðast og umgangast fólk hvaðanæva að úr heiminum. Nú í sumar fóru ferðamennirnir aftur að streyma hingað til lands, eftir hlé vegna Covid-19 pestarinnar, og mjög mikið var að gera hjá leiðsögumönnum við að fræða þá um land og þjóð og sjá til þess að þeir nytu sumarfrísins til hins ýtrasta við öruggar aðstæður. Og ef marka má spár fyrir næsta ár verður það ærið annasamt. Framtíðin er því björt!

Afmælisrit Leiðsagnar 2022

Útgefandi: Leiðsögn – félag leiðsögumanna,
Stórhöfða 29, 110 Reykjavík. Sími: 588 8670,
netfang: info@touristguide.is, www.touristguide.is

Ritstjórn: Harpa Björnsdóttir

Afmælisritnefnd: Áslaug J. Marinósdóttir, Kári Jónsson, Kristín Sætran, Þórhildur Sigurðardóttir

Auglýsingastjóri: Valdimar Birgisson

Forsíðumynd: Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

Hönnun, umbrot og prentun: Prentmet Oddi

© Leiðsögn 2022

Öll réttindi áskilin. Allar ljósmyndir, texti og annað efni er verndað skv. íslenskum og alþjóðlegum höfundarréttarlögum. Ljósmyndir eða texta má ekki afrita, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

Töfrar vatnsins taka á móti þér

Við höfum rannsakað krafta náttúrunnar í 30 ár,
lært að beisla töfra hennar og notið þess að
upplifa í sátt við umhverfi og móður náttúru.
Við tökum vel á móti þér.



BLUE LAGOON

ÚR 50 ÁRA SÖGU FÉLAGSINS



Félag leiðsögumanna var stofnað 6. júní 1972 á Hótel Loftleiðum þegar um þrjátíu manns, karlar og konur sem höfðu unnið við að leiðsegja erlendum ferðamönnum um landið, komu saman og stofnuðu með sér samtök. Tilgangur félagsins var að efla samstöðu meðal leiðsögumanna og vinna að réttindamálum, bættum kjörum, menntun og fagmennsku. Bjarni Bjarnason kennari var kosinn fyrsti formaður félagsins og Jón Þ. Þór sagnfræðingur varaformaður, Gísli Guðmundsson ritari, Katrín Árnadóttir gjaldkeri og Guðmundur Steinsson meðstjórnandi. Hinir dugmiklu og framsýnu stofnfélagar lögðu grunninn að því félagi sem nú er starfandi og telur mörg hundruð manns, *Leiðsögn – félag leiðsögumanna*. Félagið valdi sér í upphafi falleg einkunnarorð sem enn eru í fullu gildi: *Landinu virðing – lífinu hlýja*.

Við stofnun félagsins unnu flestir leiðsögumenn eingöngu að sumarlagi, enda var ferðamennskan einkum bundin við þann árstíma. Einn helsti hvataðurinn að stofnun þessara hagsmunasamtaka, Kristján Arngrímsson, var einn af þeim fáu sem hafði leiðsögn að aðalstarfi allt árið.

Félagið mátti sæta nokkuð neikvæðum mótökum til að byrja með, bæði hjá ferðaskrifstofunum, sem áttu erfitt með að líta á það sem alvöru stéttarfélag, og eins hjá Samgönguráðuneytinu sem taldi varla svo marga leiðsögumenn í landinu að þeir gætu yfirhöfuð stofnað félag! Þegar talið barst síðan að löggildingu starfsins, baráttumáli leiðsögumanna allt frá stofnun félagsins, þá taldi ráðuneytið það af og frá, þetta væri bara sumarstarf og þar með aukastarf!

Fyrsti kjarasamningur leiðsögumanna var undirritaður 1973 og voru leiðsögumönnum þar með tryggð ákveðin lágmarkslaun. Við bættust greiðslur orlofs og í lífeyris- og sjúkrasjóð og samið um að

leiðsögumenn væru tryggðir í ferðum. Launin þóttu þó lág, líkt og enn er raunin. Kjaramálin ber hátt um þessar mundir, samningar lausir og öll stéttarfélög standa í erfiðum kjaraviðræðum, Leiðsögn þar á meðal. Faglærðir leiðsögumenn verða að afla sér víðtækrar þekkingar en launin hafa ekki þótt spegla þá staðreynd, hvað þá starfsreynslu þeirra, en hámarksstarfsaldur sem metinn er til launa er 4 ár! Ýmislegt hefur þó áunnist í gegnum árin, einkum hvað varðar öryggismál leiðsögumanna.



Fræðslustarf Félags leiðsögumanna hófst árið 1974 með útgáfu fréttu- og fræðslublaðs. Félagið stóð einnig fyrir ársþingum þar sem fjallað var um hvaðeina sem starfinu viðkom. Erlent samstarf hófst árið 1975 við bæði norræn og alþjóðleg samtök leiðsögumanna. Í dag er starfrækt sérstök Fræðslunefnd sem stendur fyrir fyrirlestrum, jólabókarkvöldi og fræðsluferðum. Vissulega setti Covid-19 faraldurinn strík í reikninginn, og í stað þess að halda hefðbundin fræðslunámskeið var tekið að streyma fyrirlestrum í samstarfi við EHI, sem hefur mælst afar vel fyrir.

Umræða um eftirlitslausar ferðir útlendinga var uppi á teningnum á fyrstu árum félagsins, rétt eins og nú, og árið 1975 ritaði Ludvig Hjálmtýsson, for-



Þetta yfirlit úr sögu félagsins er byggt m.a. á viðtali við Birnu G. Bjarnleifsdóttur í 40 ára afmælisblaði Félags leiðsögumanna sem út kom 2012, ásamt stiklum úr sögu félagsins í sama blaði, og fleiri gögnum.

maður Ferðamálaráðs Íslands, í Félagsblað leiðsögumanna: „Mér finnst það mjög óæskileg þróun að erlendir hópar fari um landið án nokkurra afskipta við heimamenn. Þessir ferðamenn geta allt eins farið heim aftur með alrangar hugmyndir um landið. Ef við viljum kynna landið rétt, þurfum við að hafa einhverja hönd í bagga.“ Orð sem eiga við í dag jafnt og þá. Á ársþingi félagsins árið 1975 kom fram að Félagsmálaráðuneytið hefði staðfest að erlendir fararstjórar og leiðsögumenn sem hér ynnu þyrftu atvinnuleyfi. Það má velta fyrir sér hver staðan er í dag í þessum málum, hvert er regluverkið og hvert er eftirlitið? Hvað varðar gæði ferða og neytendavernd gagnvart ferðamönnum, þá er það engin spurning að leiðsögn um landið okkar þarf að fara fram af þeim sem hafa þekkingu á sögu lands og þjóðar og hafa þjálfun varðandi öryggismál. Allt eru þetta atriði sem samtök leiðsögumanna hafa lagt mikla áherslu á í gegnum árin.



Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands og heiðursfélagi í Félagi leiðsögumanna, flytur ávarp á alþjóðadegi leiðsögumanna 1990. Af þessu tilefni bauð félagið almenningi upp á ókeypis skoðunarferðir um Reykjavíkurborg.

Starf félagsins á upphafsárunum snerist nefnilega ekki eingöngu um kaup og kjör, heldur ekki síður um menntun leiðsögumanna og fagmennsku. Í byrjun var fræðsla og nám leiðsögumanna á hendi Ferðaskrifstofu ríkisins og hélt skrifstofan námskeið á hverju vori við mikla aðsókn. Vigdís Finnbogadóttir, sem hafði starfað sem leiðsögumaður um árabil, veitti þessum námskeiðum forstöðu og nutu margir af fyrstu faglærðu leiðsögumönnum hennar handleiðslu.

Á 10 ára afmæli félagsins árið 1982 var Vigdís Finnbogadóttir kjörin fyrsti heiðursfélaginn, en þá gegndi hún embætti forseta Íslands. Enn í dag minnst leiðsögumenn með virðingu og þakklæti frumkvöðlastarfs hennar í þágu menntunar leiðsögumanna.

Einn ötulasti málsvari menntunar leiðsögumanna fyrstu áratuginna var tvímælalaust Birna G. Bjarnleifsdóttir, en hún gegndi formennsku í félaginu 1973-1979, auk annarra trúnaðarstarfa. Birna var kjörin heiðursfélagi á 25 ára afmæli félagsins árið 1997. Árið 2000 voru þær Ásta Sigurðardóttir, Kristbjörg Þórhallsdóttir og Kristín Njarðvík einnig kjörnar heiðursfélagar.

Frá árinu 1976 tók Ferðamálaráð við því hlutverki að mennta leiðsögumenn, fyrst um sinn með námskeiðahaldi líkt og hafði tíðkast, sem þróaðist í umtalsvert viðameira nám á vegum Leiðsöguskóla Íslands, sem starfar undir væng Menntaskólans í Kópavogi, þar sem er boðið upp á framhaldsnám í leiðsögn. Námið hefur tekið miklum breytingum í gegnum árin, umfang og kröfur aukist jafnt og þétt, og má fullyrða að þeir leiðsögumenn sem þaðan útskrifast fái bæði víðtæka og fjölbreytta menntun sem nýtist vel í starfi. Árið 2008 hóf Endurmenntun Háskóla Íslands leiðsögunám á háskólastigi og útskrifar leiðsögumenn á hverju ári. Fleiri skólar bjóða upp á leiðsögunám og undanfarið hefur einn-



Fyrstu nemendurnir sem útskrifuðust af námskeiði Ferðamálaráðs 1976 á tröppum Norræna hússins. Birna G. Bjarnleifsdóttir lengst til hægri.

ig verið unnið að því að koma á laggirnar raunfærnimati fyrir þá sem hafa unnið lengi við leiðsögn án fullra fagréttinga. Fagmenntun hefur verið forsenda fyrir því að félagið viðurkenni full leiðsögumansréttindi með sérstöku skírteini og rétt til að bera skjöld félagsins.

Mikið hefur verið rætt um menntun leiðsögumanna undanfarin ár og tvær góðar skýrslur hafa komið út. Sú fyrri var unnin af starfshópi sem Leiðsögn kom á fót og skilaði mjög góðri skýrslu árið 2018 um menntun og hæfniskröfur leiðsögumanna. Sú síðari var unnin af starfshópi sem Ferðamálaráðuneytið kom á laggirnar og skilaði skýrslu 2021, en þar var sjónum einkum beint að Evrópu- staðli um menntun leiðsögumanna. Enn á ný hefur verið efnt til nýs starfshóps til að fjalla um menntun leiðsögumanna og er hann leiddur af Menntamála- stofnun, en sem stendur er margt óvíst um framtíð þeirrar stofnunar og þar með vinnu starfshópsins.

Árið 1976 gekk félagið í ASÍ og á sæti á allsherjar- þingi þess. Nokkrum sinnum hefur komið upp um- ræða meðal félagsmanna hvort félagið ætti ef til vill betur heima í öðrum samtökum. Þessar umræður hafa orðið nokkuð háværar á köflum en má segja að fengist hafi ákveðin málalok á félagsfundi sem haldinn var árið 2007, en þar var kosið um málið og samþykkt að félagið yrði áfram aðili að ASÍ. Full- yrða má að ASÍ hefur ávallt stutt dyggilega við fé- lagði í erfiðum kjaradeilum og einnig veitt ómetan- lega aðstoð varðandi ýmis lagatúlkunaratriði. Framtíð Leiðsagnar sem sjálfstæðs stéttarfélags innan vébanda stærri samtaka, og þá hverra, ræðst af afstöðu félagsmanna sjálfra, og eflaust verður sú umræða tekin á ný.

Félagið hefur gengið í gegnum miklar breytingar á þeim 50 árum sem það hefur starfað. Margt hefur áunnist og mörgu þarf enn að berjast fyrir. Tvö málefni ganga þó eins og rauður þráður í gegnum sögu félagsins. Hið fyrra er óskinn um löggildingu

starfsins og starfsheitisins. Hið síðara er óskinn um að í hópferðum erlendra aðila verði ávallt íslenskur leiðsögumaður með í för, líkt og þekkt víða er- lendis. Þessi tvö óskamál hafa ekki enn fengið þá úrlausn sem leiðsögumenn vilja sjá.

Að loknu þessu stutta yfirliti yfir söguna er við- eigandi að þakka því metnaðarfulla og framsýna fólki sem stóð að stofnun félagsins á sínum tíma kærlega fyrir það merka framtak. Þetta góða fólk sýndi mikla þrautseigju, átti oft á þungan að róa, en það gafst ekki upp og skilaði félaginu fram á veg til þroska og grósku. Við taumunum tóku svo aðrir í óeigingjörnu sjálfbodastarfi fyrir félagið, og hver ný stjórn og hver áratugur hefur skilað okkur lengra áleiðis.

Í dag er ferðapjónustan stærsti atvinnuvegur landsins og hefði víst fáa grunað það á stofnárinu 1972! Núverandi stjórn Leiðsagnar óskar leiðsögu- mönnum um allt okkar fagra land hjartanlega til hamingju með 50 ára afmælið!

Friðrik Rafnsson, formaður
Snorri Steinn Sigurðsson, varaformaður
Harpa Björnsdóttir, ritari
Valva Árnadóttir, gjaldkeri
Leifur Björnsson, meðstjórnandi



Sjáumst á fjöllum



Bækur og bókapakkar
Fræðslurit og kort
Ársaðild að Ferðafélagi Íslands
Fjallaverkefni og gjafabréf

GLEÐILEGT
NÝTT ÁR!

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS





Fimmtíu ára afmæli Leiðsagnar var fagnað þann 12. nóvember með hátíðardagskrá í Veröld – húsi Vigdísar Finnbogadóttur. Sérstakur heiðursgestur hátíðarinnar var Vigdís sjálf, sem er ótvíræður frumkvöðull í starfi og menntun leiðsögumanna og var kjörin heiðursfélagi á 10 ára afmæli Félags leiðsögumanna 1982. Á dagskrá voru fróðleg erindi og söngatriði og boðið upp á veitingar í lokin.

Afmælishátíðin var afar vel sótt og hvert sæti setið í hátíðarsal Veraldar. Hófst dagskráin með því að Söngfélagið söng undir stjórn Hilmars Arnars Agnarssonar. Næst ávarpaði Friðrik Rafnsson, formaður Leiðsagnar, samkomuna og tók fram að hátíðarsalurinn í Veröld hefði ekki verið valinn af hreinni tilviljun, þar væri til húsa stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, en eitt höfuðmarkmið stofnunarinnar væri að stuðla að fjöltyngi til að auka skilning, samskipti og virðingu milli menningarheima og þjóða. Oft er sagt að tungumál sé lykillinn að heiminum, en erlend tungumál eru einmitt helsta samskiptatæki leiðsögumanna við erlenda gesti, sá lykill sem við notum til að opna hug og hjörtu þeirra og leiða þá að undraheimi íslenskrar náttúru og menningar.

Að loknu ávarpi formanns tók Örn Árnason, stórleikari og leiðsögumaður, stjórn hátíðarinnar í sínar hendur og kryddaði kynningar sínar eftirminnilega með sögum úr starfi sínu sem leiðsögumanns.

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, ávarpaði því næst gesti og hóf ræðu sína með skemmtilegri hugleiðingu um síaukin áhrif ensku í umhverfi okkar og nefndi nokkur skondin dæmi. Velti hann einnig fyrir sér hvernig á að segja sögu landsins svo vel sé, ákveðin spenna geti myndast milli fræðaheimsins og ferðapjónustunnar. Leiðsögumenn séu oft staddir á óræðu landi milli fræða og skemmtunar, þeir þurfi að koma upplýsingum á framfæri á skilmerkilegan og skemmtilegan hátt en líka tryggja að rétt sé farið með staðreyndir. Leiðsögumenn ynnu merkt starf og mikilvægt og það myndi reyna á þá á næsta ári þegar von væri á þrjátíu þúsund tonnum af ferðamönnum! Einnig sagði Guðni það hafa komið sér ánægjulega á óvart þegar hann kynnti sér sögu félagsins að það hefði verið Vigdís okkar sem hefði komið með heitið *Gullni hringurinn* inn í ferðapjónustuna. Að lokum óskaði forseti félaginu til hamingju með hálfra aldar afmælið og mæltist til að hrópað yrði ferfalt húrra fyrir Leiðsögn, og var vel tekið undir það.



Næst ávarpaði Lilja Dögg Alfreðsdóttir, ráðherra menningar, viðskipta og ferðamála, samkomuna í gegnum fjarfundabúnað, en hún var stödd á Ísafirði. Minntist hún þess að árið 1972 þegar Félag leiðsögumanna var stofnað hefðu komið til landsins 68.000 ferðamenn, og þótti metár í ferðapjónustu. Síðan þá hefur ferðapjónustan vaxið jafnt og þétt og tvær milljónir ferðamanna komu hingað til lands árið 2019. Sagði ráðherra straumhvörf hafa átt sér stað í íslensku atvinnulífi með tilkomu og vexti ferðapjónustunnar og þakkaði leiðsögumönnum, sem hún kallar „innlendu sendiherrana okkar“, fyrir hafa tekið þeirri risaáskorun sem fjölgun ferðamanna hefur verið í gegnum árin. Leiðsögumenn hafi stuðlað að fagmennsku í greininni og kveðst ráðherra hlakka til að vinna með þeim út þetta kjörtímabil. Hún fyrirhugar að skipa ýmsa starfshópa sem munu koma með tillögur að því hvernig við getum eftt ferðapjónustuna, m.a. hvað varðar tengingu menningar og ferðapjónustu og varðandi sjálfbæra ferðapjónustu. Allar tillögur og hugmyndir munu koma að notum við að móta stefnu um ferðapjónustu til ársins 2030 og styrkja stöðir hennar til framtíðar. Sér ráðherra fyrir sér að Ísland geti orðið fyrsta landið sem verði algerlega „grænt“ í ferðapjónustu. Að lokum óskaði ráðherra Leiðsögn innilega til hamingju með afmælið.

Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður SAF – samtaka aðila í ferðapjónustu, tók næst til máls, en erindi hennar *Leiðsögn er gæðamál* er birt hér í blaðinu á bls. 13. Sagði hún leiðsögn um Ísland snúast um gæði og standa þyrfti vörð um þau verðmæti sem verða til þegar vara og þjónusta stenst væntingar viðskiptavinarins. Einnig nefndi hún að ekki ætti að líðast að nánast hver sem er gæti valsað um landið í atvinnuskyni án nokkurrar ábyrgðar. Það þekktist að stunduð væru stórfelld félagsleg undirboð í samkeppni við innlend fyrirtæki og það samræmdist ekki markmiðum um sjálfbærni og þann gæðastuðul sem við viljum sjá í greininni, og skaðaði

einnig ímynd landsins og rekstrargrundvöll þeirra fyrirtækja sem eru með allt sitt á hreinu.

Þessu næst flutti Örvar Már Kristinsson, söngvari og leiðsögumaður, tvö lög og lék Jón Bjarnason, organisti Skálholtskirkju, undir. Fyrri lagið var *Smalavísa* og sagði Örvar inntakið lýsandi fyrir starf leiðsögumannsins, hann gætti farþega sinna úti um grænar grundir, syngi jafnvel fyrir hjörðina um sól og vor og skemmti þeim á ýmsan annan máta, og smalaði þeim svo inn í rútu til næsta áfangastaðar. Síðara lagið, *Fyrirlátið mér*, fjallaði um Galdra-Loft og var af allt öðrum toga, en Örvar sagði það veita innsýn í menningarheim okkar og skapa grundvöll fyrir forvitnilegar samræður við ferðamenn um fyrri tíma.

Að söngatriði loknu minntist Friðrik Rafnsson, formaður Leiðsagnar, heiðursfélagsans Birnu G. Bjarnleifsdóttur, en hún lést í byrjun nóvember. Stofnfélagar voru nú kallaðir upp og heiðraðir og þáðu blómvönd frá stjórn Leiðsagnar. Formaður þakkaði þeim fyrir frumkvöðlastarfið og ítrekaði að án þeirra framtaks hefði félagið aldrei orðið til og blómstrað svo vel í tímans rás. Einnig þakkaði hann Vigdís Finnbogadóttur hennar mikilvæga starf í þágu menntunar leiðsögumanna.

Næstur á dagskrá var Ari Trausti Guðmundsson, jarðfræðingur, með erindi um *Leiðsögumannsstarfið í fortíð, nútíð og framtíð*, og er það birt að nokkru aukið að efni á bls. 16. Setti hann einnig fram áhugaverðar hugleiðingar um fjölgun ferðamanna og þölmörk í ferðapjónustu.

Guðmundur Heiðar Guðmundsson, lögmaður SA – Samtaka atvinnulífins, færði félaginu fallegan blómvönd í tilefni afmælisins og óskaði því alls hins besta í framtíðinni.

Því næst flutti Hlín Pétursdóttir, söngkona og leiðsögumaður, tvö lög sem sannarlega vísa til ferðalaga leiðsögumanna um landið, *Vegir liggja til allra átta* og *Sveitin milli sanda*, en Jón Bjarnason lék undir.





Stofnfélagar sem voru heiðraðir á afmælishátíð Leiðsagnar 12. nóvember 2022. Talið frá vinstri: Halldóra Guðmundsdóttir, Sigríður Pálmadóttir, Valdís Blöndal, Elínborg Kristín Stefánsdóttir, Kjartan Lárusson, Eyþór Heiðberg, Geirlaug Þorvaldsdóttir, Pétur Urbancic, Elísabet Brand. Yst til hægri stendur Friðrik Rafnsson, formaður Leiðsagnar.

Tryggvi Felixson, formaður Landverndar, flutti næst erindi sem bar heitið *Leiðsögufólk er lykilmólk í náttúruvernd*. Er það birt á bls. 32. Ræddi hann m.a. um það hlutverk leiðsögumanna að tengja ferðamenn við náttúruna og vera talsmenn sjálfbærni. Einnig þakkaði hann leiðsögumönnum fyrir stuðninginn við Landvernd í gegnum árin.

Lokaatriðið á dagskránni var erindi Auðar Jónsdóttur, rithöfundar, og nefndist það *Að þekkja*

landið. Er það birt á bls. 24. Fjallaði hún m.a. um leiðsögumanninn sem skáld augnabliksins, það orðspor sem hann færir landi og þjóð og það traust sem ferðamenn bera til hans.

Að dagskrá tæmdri bauð Friðrik Rafnsson, formaður Leiðsagnar, gestum að þiggja veitingar og njóta áfram ánægjulegrar samveru.

Birna G. Bjarnleifsdóttir – Minning

Nú í byrjun nóvember 2022 lést Birna G. Bjarnleifsdóttir, tvímælaust einn helsti frumkvöðull á sviði leiðsagnar hér á landi. Birna fæddist á Ísafirði árið 1934 og ólst þar upp, en flutti ung til Reykjavíkur til að stunda framhaldsnám og lauk verslunarprófi frá Verslunarskóla Íslands árið 1953. Hún tók leiðsögumannanámskeið á vegum Ferðaskrifstofu ríkisins 1965 og 1969, en umsjónarmenn þeirra námskeiða voru Vigdís Finnbogadóttir, Björn Þorsteinsson sagnfræðingur og Ásta Stefánsdóttir frönskukennari, og meðal annarra sem kenndu á námskeiðunum voru Björn Th. Björnsson listfræðingur og Sigurður Þórarinnsson jarðfræðingur. Eftir leiðsögunámið tók Birna að starfa sem leiðsögumaður ferðamanna.

Birna var einn stofnfélaga Félags leiðsögumanna þann 6. júní 1972 og tók við formennsku í félaginu árið eftir. Formennsku gegndi hún 1973-1979 auk þess sem hún tók að sér ýmis önnur trúnaðarstörf fyrir félagið. Birna vann ótullega og af miklum eldmóði að aukinni menntun leiðsögumanna og bættum kjörum þeirra. Henni fannst ekki nóg að



sækja sér þekkingu hér innanlands heldur sótti fjölda námskeiða og ráðstefna um leiðsögumál sem erlend samtök leiðsögumanna héldu. Og Birna miðlaði síðan þekkingu sinni áfram til starfandi og verðandi leiðsögumanna hérlandis. Hún var forstöðumaður Leiðsöguskóla Ferðamálaráðs á árunum 1976 til 1991 og síðan fagstjóri Leiðsöguskóla Íslands í MK frá þeim tíma til 2002.

Birna gaf meðal annars út handbók með gagnlegum upplýsingum um land og þjóð sem leiðsögumenn gátu hagnýtt sér og einnig var hún um tíma með útvarpsþætti hjá Ríkisútvarpinu um ferðamál.

Eins og sjá má af þessari upptalningu þá lagði Birna gríðarmikið af mörkum til að efla starf og menntun leiðsögumanna og á 25 ára afmæli Félags leiðsögumanna 1997 var Birna kjörin heiðursfélagi þess.

Leiðsögn – félag leiðsögumanna, kveður Birnu G. Bjarnleifsdóttur að leiðarlokum, af djúpri virðingu og með miklu þakklæti fyrir allt hennar óeigin-gjarna og ómetanlega starf í þágu leiðsögumanna.

HÚSAVÍK
the
WHALE CAPITAL
of
ICELAND



THE ORIGINALS



Til hamingju Leidsögn,
Félag leidsögumanna

Við hjá Gentle Giants á Húsavík
bjóðum ykkur velkomin til okkar í
afþreyingu og kaffisopa. Fjölbreyttar
ferdir og alltaf heitt á könnunni!



160 YEARS OF FAMILY HISTORY IN THE BAY

www.gentlegiants.is • info@gentlegiants.is • Tel. +354 464 1500





Heiðursfélagi Leiðsagnar

VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR

Byggt á viðtali sem Stefán Helgi Valsson tók við Vigdís Finnbogadóttur og birtist í 40 ára afmælisblaði Félags leiðsögumanna 2012, og öðrum heimildum.

Vigdís Finnbogadóttir er leiðsögumönnum afar kær. Hún var tilnefnd heiðursfélagi á 10 ára afmæli Félags leiðsögumanna árið 1982, en tveimur árum fyrr hafði hún með eftirminnilegum hætti verið kjörin forseti Íslands, fyrst kvenna til að vera kosin forseti ríkis í þjóðaratkvæðagreiðslu. Varð hún þar með líka fyrsta konan til að gegna embætti forseta Íslands, og enn sem komið er sú eina.

Vigdís er fædd í Reykjavík árið 1930, lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1949 og hélt í framhaldsnám til Frakklands þar sem hún lagði stund á frönsku og franskar bókmenntir við háskólana í Grenoble og Sorbonne í París á árunum 1949–1953. Auk þess lagði hún stund á leiklistarsögu við Kaupmannahafnarháskóla. Heimkomin tók hún BA-próf í frönsku og ensku við Háskóla Íslands og lauk prófi í uppeldis- og kennslufræði frá sama skóla 1968. Vigdís kenndi Íslendingum frönsku á fyrstu árum sjónvarpsins og varð landsþekkt. Síðar tók hún við starfi leikhússtjóra Leikfélags Reykjavíkur 1972–1980, eða þar til hún var kosin forseti Íslands.

Um 1950 bað Þorleifur Þorleifsson, þáverandi forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins, Vigdís um að leiðsega frönskum ferðamönnum af skemmtiferðaskipi, þar sem hún kynni svo vel frönsku. Þannig hóf hún sinn leiðsögumannsferil, líkt og svo margir á þeim tíma, meðfram námi og öðrum störfum. Segist hún hafi verið hálfkvíðin í sinni fyrstu ferð, en það sé aðeins af hinu góða, því þá geri maður betur en ella. Hálendinu hafi hún svo kynnst hvað best á ferðalögum með Guðmundi Jónassyni óbyggðabílstjóra og Sigurði Þórarinssyni jarðfræðingi.

Það leið ekki á löngu áður en Þorleifur leitaði á ný til Vigdísar, og núna til að biðja hana um að þjálfa leiðsögumenn erlendra ferðamanna á Íslandi. Það gerði hún í samstarfi við Björn Þorsteinsson sagnfræðing og Björn Th. Björnsson listfræðing, en þau skipulögðu fyrstu námskeiðin í kringum 1957 og fengu ýmsa sérfræðinga til liðs við sig. Voru námskeiðin haldin í Háskóla Íslands og urðu mjög vinsæl, einkum þótti Vigdís segja skemmtilega frá.

Vigdís starfaði í ferðaþjónustu í um 13 ár, upphaflega sem leiðsögumaður ferðamanna, síðan á Ferðaskrifstofu ríkisins við að skipuleggja ferðir og sjá um markaðs- og kynningarmál, auk þess að kenna á námskeiðum skrifstofunnar þar sem fyrsta menntun íslenskra leiðsögumanna fór fram. Það er ef til vill ekki á allra vitorði að Vigdís gaf dagsferðinni milli Þingvalla, Geysis og Gullfoss heitið *Gullni hringurinn*, heiti sem enn er notað í auglýsingum um ferðir á þessa þrjá áfangastaði.

Á þeim 16 árum sem Vigdís sat á forsetastóli, 1980–1996, bar hún hróður landsins vítt um heim, lagði í ræðu og riti áherslu á menningu landsins, tungumálið sem okkur bæri að vernda, umhverfisvernd og gróðurækt, en ekki síst var hún konum og ungum stúlkum mikilvæg fyrirmynd á tímum þegar barátta fyrir auknum réttindum kvenna reis hvað hæst.

Í viðtali í afmælisblaði leiðsögumanna fyrir 10 árum sagði Vigdís: „Ég hef í raun aldrei hætt að vera leiðsögumaður.“ Og það getum við öll tekið undir, því sem forseti og fyrirmynd, nú síðast með merku framlagi sínu við Veröld – Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, hefur hún aldrei hætt að leiðsega þessari þjóð.

Bjarnheiður Hallsdóttir

LEIÐSÖGN ER GÆÐAMÁL



Formaður SAF, samtaka aðila í ferðaþjónustu.

Ávarp flutt á afmælishátíð Leiðsagnar 12. nóvember 2022

Forseti Íslands, ferðamálaráðherra, kæru leiðsögumenn og aðrir gestir.

Þegar Friðrik formaður hafði samband við mig og bauð mér að ávarpa þessa fínu samkomu, þá hugsaði ég – vá! Fimmtíu ára. Þetta félag er eldra en ég. Svo fór ég að reikna – fólk á mínum aldri heldur nefnilega alltaf að það sé yngra en það er – og fékk það út að ég hefði nú reyndar verið orðin fimm ára árið 1972. Ennþá bara að leika mér á róluvellingum á Akranesi og hafði aldrei svo mikið sem séð manneskju af erlendu bergi brotna. Enda komu bara 68.000 ferðamenn til landsins það ár og sennilega fáir þeirra skilað sér upp á Skaga. Einhverjum árum síðar dró þó til tíðinda, þegar mamma mín kom heim með tvær ungar franskar stúlkur, sem fengu að tjalda í garðinum hjá okkur eina sumarnótt. Mamma bauð þeim síðan upp á morgunmat í eldhúsinu daginn eftir og ég man að ég starði opinmynnt á þessar framandi verur og fannst mikið til koma. Svona var nú ferðaþjónustan víða úti um landið langt fram á síðustu öld.

En förum fram til ársins 1988, þar sem ég var að hefja nám mitt í ferðaþjónustutengdri rekstrarhagfræði í Þýskalandi. Þetta þótti nokkuð sérstakt námsval satt að segja, og oftast en ekki horfði fólk á mig furðu lostið þegar það bar á góma. Það ár komu tæplega 129.000 gestir til landsins.

Árið 1994, þegar ég var að skrifa lokaritgerðina mína, sem fjallaði um *Framtíðarhorfur áfangastaðarins Íslands*, þá voru gestirnir tæplega 180.000. Ég man að ég taldi horfur mjög bjartar (og hafði rétt fyrir mér þar) – en reyndar gengu svokölluð „mega trend“ þessa tíma út á það að innan örfárra ára myndi ekki nokkur maður vilja ferðast lengur

í hópum, heldur myndu klæðskerasaumaðar einstaklingsferðir taka alveg yfir. Það er skemmst frá því að segja að sú spá hefur ekki gengið eftir og hópferðir lifa ennþá mjög góðu lífi um allan heim. Samkvæmt könnunum Ferðamálastofu ferðast um 30-40% allra gesta okkar um í litlum eða stórum hópum, og ekki er að merkja að þar sé nokkur stórvægileg breyting í kortunum.

Nú er árið 2022 og við reiknum með – ef ekki koma til verulegar truflanir af völdum til dæmis stríðsreksturs, verðbólgu, orkukrísu eða verðhækkana hér innanlands – að ferðamenn verði aftur orðnir tvær milljónir eða svo, strax á næsta ári. Þá komum við einmitt að leiðsögumönnum okkar – sem leika stærsta hlutverkið í hópferðum. Eins og ég hef alla tíð sagt – og ég hef skipulagt hópferðir um Ísland í næstum þrjá áratugi – þá standa hópferðir og falla með leiðsögumanninum sem fylgir hópnum. Auðvitað spila fleiri þættir inn í, en fimm stjörnu gisting og Michelin-stjörnumáltíðir bjarga ekki málunum ef leiðsögnin er ekki nógu góð. Á sama hátt má segja að ef eitthvað vantar upp á varðandi gæði annarra þátta, s.s. gistingu, eða bara ef veðrið er brjáláð og raskar ferðaáætlunum, þá getur góður leiðsögumaður bætt það upp og rúmlega það. Ég hef á mínum ferli í ferðaþjónustu unnið með hundruðum leiðsögumanna sem flestir gera einmitt það á hverjum degi. Enda hugsa ég oft um það hversu miklar kröfur eru gerðar til leiðsögumannanna okkar og hversu mikilvægir þeir eru til að tryggja gæði hverrar einustu hópferðar sem farin er um landið.

Leiðsögumenn eru andlit Íslands gagnvart erlendum gestum, þeir eru sendiherrar, þeir eru

öryggisfulltrúar, þeir eru verðir náttúrunnar og umhverfisins, þeir túlka náttúruna, þeir eru upplýsingafulltrúar, þeir eru leiðtogar og málamiðlarar, þurfa að vera frábærir í samskiptum, vel læsir á menningu og menningarmun, þurfa að vera útsjónarsamir, stundvísir, fróðir um sögu, menningu, listir, stjórnmál, landafræði, jarðfræði, samfélagsmál, jurtir og dýralíf, og bara um allt á milli himins og jarðar. Og ofan á allt þetta að vera helst afburða skemmtilegir!

Leiðsögn um Ísland er sem sagt risastórt gæðamál – og gæðamál er einmitt það sem við þurfum nú sem aldrei fyrr að setja á oddinn. Við erum sammála um að það sé ekki markmið að ferðamenn verði sem flestir, heldur ætlum við að einblína á þau verðmæti sem hver og einn þeirra skilur eftir sig. Verðmæti sem verða til þegar varan eða þjónustan stenst væntingar viðskiptavinarins, þegar gott samspil er á milli verðs og gæða. Við höfum skilgreint þá markhópa sem við viljum gjarnan fá til okkar og að ná til þeirra krefst stöðugrar vinnu og markvissra aðgerða, bæði stjórnvalda og einkageirans. Það er auðvelt að láta velgengnina blinda sig og halda að við getum bara hallað okkur aftur og slakað á, því Ísland sé svo einstakt og frábært að þeir gestir sem við viljum bjóða velkomna komi hingað án þess að við þurfum neitt að hafa fyrir því. Það er stutt í hrokann og þá er hætta á ferðum. Við þurfum að taka stjórnina á þróun áfangastaðarins í okkar hendur. Við þurfum umfram allt að huga að auðlindum greinarinnar, vernda þær og standa vörð um þær. Stundum í samkeppni við aðra anga atvinnulífsins og jafnvel í árekstrum við þá, en einnig í samvinnu við þá. Við þurfum að gera raunhæfar áætlanir, stórauka rannsóknir og hagnýta menntun.

Við þurfum að setja skýrar leikreglur og fylgja þeim eftir. Þar er nærtækt að nefna mál sem okkur virðist ekki auðnast að ná tökum á, en það er ólögleg útgerð erlendra fyrirtækja og leiðsögumanna, þar sem stunduð eru að minnsta kosti stórfelld félagsleg undirboð í samkeppni við innlend fyrirtæki. Það samræmist ekki okkar háleitu markmiðum um sjálfbærni. Enn síður samræmist það þeim gæðastaðli sem við viljum halda á lofti að hér geti nánast hver sem er valsað um landið í atvinnuskyni án nokkurrar ábyrgðar. Og skaðað í leiðinni ímynd landsins og rekstrargrundvöll þeirra fyrirtækja og hagsmuni þeirra starfsmanna sem eru með allt sitt á hreinu.

Síðastliðið sumar var óvenjulegt í ferðaþjónustu á Íslandi. Ferðaþjónustan fór hraðar af stað en nokkur þorði að vona. Á nokkuð löngu tímabili vantaði nánast allt sem til þarf til að búa til góðar ferðir – rútbíla, bílaleigubíla, gistingu, kokka og þjóna –

og síðast en ekki síst leiðsögumenn. Við þurfum að læra af þessu og að huga strax að framtíðinni. Við þurfum til dæmis að vekja athygli ungs fólks á Íslandi á þessari atvinnugrein, sem býður upp á ótrúlega fjölbreytt og skemmtileg störf á ýmsum sviðum. Til skamms tíma þurfum við hins vegar að fara í átak til að þess að mennta kokka, þjóna og leiðsögumenn – sem við viljum jú fyrir alla muni að séu með viðurkennda menntun í farteskinu. Við þurfum að hvetja eldra fólk sem komið er að starfslokum til að sækja sér menntun í leiðsögn. Leiðsögumenn komnir yfir miðjan aldur eru oftast frábærir fulltrúar stéttarinnar. Við þurfum að hvetja ungt fólk með tungumálakunnáttu til að sækja sér menntun í leiðsögn. Ég veit fyrir víst, að annars verður eftirspurnin eftir leiðsögumönnum meiri en framboðið á næstu árum.

Kæru leiðsögumenn – innilega til hamingju með afmælið og takk fyrir framsýnina og ykkar frábæra framlag til ferðaþjónustunnar. Megi ykkur fjölga sem mest og megið þið styrkjast og eflast í framtíðinni og halda áfram að vera burðarásar í þeirri frábæru atvinnugrein sem ferðaþjónusta er.

Á réttri leið í 50 ár!

Samtök ferðaþjónustunnar óska
Leiðsögn til hamingju með tímamótin.



FAGMENNSKA Í FERÐAÞJÓNUSTU

Hjartanlega til hamingju með 50 ára afmælið

Starf Leiðsögumanna er mikilvægur þáttur í starfsemi fyrirtækisins og hafa viðskiptavinir okkar notið góðs af fagmennsku þeirra og þekkingu.

Hlökkum til áframhaldandi góðs samstarfs.

ICELANDIA



LEIÐSÖGUMANNNSSTARFIÐ Í FORTÍÐ, NÚTÍÐ OG FRAMTÍÐ



Ljósmynd:
Ole Hammeken

Af hverju ferðumst við? Það er oft talað um að nútímaferðalög feli í sér ákaflega margt, m.a. hvíld frá daglegu amstri, afþreyingu, mannleg samskipti og menntun. Það er hægt að velta lengi fyrir sér hugtakinu *ferðamennska* – sem hefur breyst mikið í aldanna rás – en áhugavert að það felur í sér annað merkilegt hugtak, *mennsku*. Og við vitum hversu mikilvæg mennskan er, því nú til dags er hana ekki alls staðar að finna, og það er mjög dapurlegt. Og þá má nefna til sögunnar hugtakið *leiðsögn* og velta fyrir sér hvað felst í því?

Góð leiðsögn í skipulögðum hópi getur sparað ferðamanni tíma, veitt honum öryggi og fróðleik, opnað nýjar víddir og boðið upp á fjölbreytt mannleg samskipti. En stundum hentar slík leiðsögn ekki og sumir kjósa að leita sjálfir eftir upplifun og fróðleik, kanna nýjar víddir og njóta mannlegra samskipta á eigin forsendum, sem getur ef allt gengur að óskum verið ígildi góðrar leiðsagnar. Það er ekki hægt að gera upp á milli þess að ferðast með leiðsögn góðs leiðsögumanns eða ferðast á eigin vegum, því það fer allt eftir hverjum og einum og ekki hægt að nota föst viðmið um slíkt. En víða eru vissulega svo erfiðir og hættulegir áfangastaðir að þangað væri óráð að fara án leiðsagnar, til dæmis á hæstu jökla.

Ferðalög fyrrum

Á mynd frá árinu 1938 má sjá móður mína sitjandi á hestbaki á ferðalagi að þess tíma hætti. Líka nokkuð

marga trússhesta og umsjónarmenn þeirra. Allt frá landnámi var ferðamátinn svipaður þessu, allt fram að seinni heimsstyrjöld og jafnvel eitthvað lengur. Ferðir af þessu tagi höfðu ákveðinn tilgang fyrrum og ekki erindisleysur, en nú fara menn í hestaferðir nær eingöngu sér til skemmtunar.



Hálendisferð 1938, Lydia Pálsdóttir fremst á myndinni. Ljósmyndina tók Guðmundur frá Miðdal.

Ferðamenn fyrri tíma þurftu leiðsögn, líkt og nú, og reiddu sig á þekkingu staðkunnugra. Leiðsögumenn þeirra tíma gátu verið bændur og búalið, veraldlegir embættismenn, prestar, eða menn sem leigðu hesta, seldu greiða eða veittu húsa-skjól. Þessir aðilar höfðu mikla þekkingu á landslagi og leiðum en takmarkaðri á náttúruvísindum og eðli landsins. Greiðasemi Íslendinga var löngum

viðbrugðið í ferðalýsingum frá fyrri tíð og enn í dag hrósa ferðamenn hlýlegu viðmóti Íslendinga. Menningartengsl við ferðamennina byggðust á miðlun heimamanna á sögu landsins, og á hinn veginn nýjabrumi og fréttum utan úr heimi sem ferðalangar færðu með sér.

Fyrstu ferðamennirnir

Hinir fyrstu ferðamenn hingað til lands voru af ýmsum og fjölbreyttum toga. Það gátu verið sagnæða bókmenntafræðingar, líffræðingar, fornleifafræðingar, rithöfundar, landkönnuðir, danskir og íslenskir kortagerðar- og landmælingamenn, fjalla- og jöklafarar. Jafnvel pólitískir sendimenn á tímum styrjalda. Allir þurftu þeir á leiðsögn staðkunnugra heimamanna að halda. Sem dæmi má nefna að þegar William Lord Watts gekk yfir Vatnajökul árið 1875 þá voru með honum í för fimm Íslendingar, einn þeirra var Páll Jökull sem Pálsfjall er nefnt eftir. Þarna var verið að leggja grunninn að ferðamennsku og leiðsögn nútímans.



Námskeið Fjallamanna í Kerlingarfjöllum 1939. Ljósmyndari óþekktur.

Þegar Ferðafélag Íslands var stofnað 1927 var brotið blað í þeim efnum og fólk tók að ferðast inn á hálendið í auknum mæli. Deild innan Ferðafélagsins kallaðist *Fjallamenn*, stofnuð 1938. Voru í þeim hópi karlar og nokkrar konur sem juku þekkingu á hálendi Íslands með því að fara um áður óþekktar eða lítt þekktar slóðir. Fróðleik um þessi svæði var síðan miðlað til annarra, m.a. í skipulögðum ferðum á hin áhugaverðu svæði, en líka í árbókum Ferðafélagsins.

Fjölgun ferðamanna


Þótt Íslendingar tækju að ferðast um eigið land í meira mæli en áður í upphafi 20. aldar þá voru erlendir ferðamenn enn frekar fáir. En það breyttist jafnt og þétt eftir því sem á leið. Skemmtiferðaskip tóku að venja komur sínar hingað og með tilkomu



reglulegra millilandasiglinga milli Íslands og Danmerkur jókst straumur ferðamanna frá Evrópu.


Eldgosið í Heklu 1947 dró hingað ferðamenn og árið 1963 gaus Surtsey og vakti heimsathygli. Eftir því sem þekking á jarðvísindum jókst varð Ísland sífellt meira heillandi í augum vísindamanna og orðspor landsins sem eyju elds og ísa óx. Sýndi það sig ef til vill best í því að árið 1965 komu til landsins væntanlegir tunglfarar til að æfa sig í að þekkja jarðlög og steintegundir. Stór hluti tunglsins er basaltsléttur, loftsteinagígar og gamlar eldstöðvar og þótti Ísland henta vel til þjálfunar þeirra.

Fjöldi ferðamanna jókst ár frá ári í upphafi 21. aldar og milli árunna 2003 og 2015 fjórfaldaðist hann, fór úr ríflega 308.000 í 1.262.000 manns. Þar með er komið að stóru spurningunni sem við þurfum öll að svara. Ævintýralandið Ísland, gengur það upp með 3 milljónum ferðamanna, 5 milljónum, eða þá 8 milljónum líkt og ISAVIA spáir fyrir árið 2040?



Leiðsögn í nútíð

Leiðsögn núorðið byggir á vísindum og þekkingu – fagmennsku. Leiðsögumenn þurfa að kunna skil á gífurlega mörgu, m.a. í sagnfræði, náttúrufræði, þjóðfræði, fornleifafræði, hagfræði, fornleifafræði, bókmenntum, listum og menningu, hópstjórn og fyrstu hjálp, og er þá ekki allt talið. Að ekki sé minnst á sálfræði og lipurð í mannlegum samskiptum, því góður leiðsögumaður þarf líka að vera mikill mannþekkjari og vera fljótur að lesa hópinn.



Tungumálakunnátta leiðsögumanna þarf að vera traust, ekki síst þegar fjallað er um jarðfræðihugtök og önnur vísindi. Það gat nú verið með ýmsu móti hér áður fyrr. Ein saga segir frá leiðsögumanni sem var að leiðsegja dönskum ferðamönnum og átti í erfiðleikum með að finna orðið yfir ákveðna fuglategund, og kallaði hana „luftelefant“.

Hér á undan voru árbækur Ferðafélagsins nefndar sem mikilvæg fræðsla um landið, en mig langar að taka jarðvísindin og Heklu sem dæmi um miðlun þekkingar, eða sem hluta fyrir heild. Fyrir utan þjóðsagnir um Heklu þá er fyrsta bókin sem gefin er út um þetta merka eldfjall sú sem Guðmundur frá Miðal gaf út 1947 um eldgosid það ár. Hann var fyrst og fremst náttúruunnandi og leikmaður en lýsti í skrifum sínum, og ekki síður málverkum, þeirri upplifun að vera í nálægð við svo ramma náttúrukrafta. Síðar gaf Sigurður Þórarinsson jarðfræðingur út bækurnar *Eldur í Heklu* (1956) og *Heklueldar* (1968), og veitti með þeim vísindalegan grundvöll fyrir leiðsögumenn og almenning að leita fróðleiks í. Seinna komu út sérhæfðari jarðvísindarit, m.a. *Jarðfræði Íslands, saga bergs og lands*, eftir Þorleif Einarsson og rit Jóns Eypórssonar veðurfræðings um *Vatnajökul*. Nefna má fleiri sem skrifuðu fróðleg rit og blaðgreinar sem leiðsögumenn þekktu vel, m.a. þau Pálma Hannesson og Elínu Pálmadóttur, en Elín gerði garðinn frægan sem blaðamaður og flutti fréttir af eldgosum og skrifaði bækur um frönsk áhrif á Íslandi. Sjálfur er ég ekki saklaus af miðlun fræða, hef skrifað nokkrar bækur um jarðfræði og kennt jarðfræði í Leiðsöguskólunum, líkt og ýmsir kollegar mínir.

Einkenni ferðapjónustunnar

Hver eru helstu einkenni ferðapjónustu á Íslandi í dag? Eitt atriði og augljóst er mikil fjölgun ferða-

manna. Þá má minna á lág laun víða í atvinnugreininni og innflutt vinnuafl. Náttúran er enn sem fyrr helsta aðdráttaraflid og víða er mikið staðbundið álag. Segja má að um 30 – 40 staðir séu vinsælastir og sumarið er enn sem fyrr eftirsóttasti árstíminn. Það hefur orðið mjög hröð uppbygging þjónustu í ferðageiranum, bæði opinberrar og einkarekinnar, en hæg uppbygging innviða sem heldur ekki í við þörfina, þó verulegar framfarir hafi orðið. Markaðslögmál einkenna þróunina í okkar hagkerfi og nú á sér stað ákveðin samþjöppun í greininni, lítil fyrirteki eru keypt af öðrum stærri.

Leiðsögnin sjálf er orðin víðtækari, á þann máta að sérhæfingin eykst, fróðleikurinn verður meiri og fjölbreytnin einnig. En hvað með öryggismálin og slysatíðnina? Öryggi fólks á ferðalagi um landið þarf að taka föstum tókum eins og dæmin sanna.

Hið stóra mál framtíðarinnar

Og svo er það stóra málið sem er lykillinn að framtíðinni: Sjálfbærni íslenskrar ferðapjónustu. En ef við viljum sjá sjálfbærni þá þurfum við líka að gangast við því að það eru þolmörk; staðbundin, héraðsbundin, og fyrir landið í heild. Það er ekki ótakmarkaður fjöldi ferðamanna sem lítil þjóð getur tekið á móti og þjónað af samviskusemi, dyggð og með reisn. Ættum við ef til vill að tala um kvóta á ferðamenn, líkt og er gert í sjávarútvegi?

Ýmsar spurningar

Þegar litið er yfir 50 ára sögu þessa ágæta félags leiðsögumanna þá hljóta hornsteinarnir og kjörorðin fyrr og nú að vera **þekking, miðlun, fagmennska, öryggi**. En eftir standa ýmsar spurningar.

Faggilding eða löggilding starfsins hefur verið á óskalista leiðsögumanna um langan tíma en ekki



verið stemning fyrir því hjá yfirvöldum hingað til. Er rúm fyrir hana í komandi framtíð?

Og að hvaða marki ætti að taka upp hér á landi „leiðsöguskyldu“, t.d. á jöklum og í þjóðgörðum? Hvað með námið og námskröfurnar, eigum við að færa menntun leiðsögumanna upp á háskólastig heilt yfir? Ættu allar gerðir leiðsagnar að sameinast í einu allsherjarfélagi? Hvernig skarast leiðsögn, landvarsla og löggæsla? Hverjir mega banna eitt-hvað eða beita sektum, t.d. við umhverfisspjöllum?

Af nógu er að taka þegar stórt er spurt.

Að lokum vil ég minna okkur öll á að njóta og hampa ekki aðeins því mikilfenglega sem íslensk náttúra hefur upp á að bjóða, svo sem jöklum, eldstöðvum, hraunum og víðáttum, heldur njóta líka þess sem leynist við hvert fótstíga, finna fegurðin í því smáa og fíngerða, blómum, stráum, mosum og steinum.

Leiðsögunám

Áfangastaðurinn Ísland

Taktu námið á þínum hraða – þegar þér hentar

Kynntu þér málið á endurmenntun.is



Óðinn Jónsson

VINNUM MEÐ FÓLK EN EKKI BAUNADÓSIR

Viðtal þetta birtist í vef tímaritinu *Túrista* þann 8.10.2022 og er birt hér með góðfúslegu leyfi.

Árið 1972 var síldarævintýrinu lokið og skuttogaraöld hafin á Íslandi. Þetta var einsleitt samfélag 207 þúsund íbúa, atvinnulífið fábreytt – fáir útlendingar á ferli. Þeir heimamenn sem tóku að sér að liðsinna erlendum ferðahópum voru gjarnan kallaðir túlkar eða fararstjórar, stundum bara gæðar, en starfsheitið leiðsögumaður vann á. Flestir sinntu öðrum störfum meðfram leiðsögn, þetta var sumarvinna kennara og fleiri stétta. Þau voru innan við 30 sem komu saman á Hótel Loftleiðum 6. júní 1972 og stofnuðu Félag leiðsögumanna. Nú starfa um 900 manns innan Leiðsagnar – félags leiðsögumanna. Þessi félagafjöldi endurspeglar þær breytingar sem orðið hafa í íslenskri ferðaþjónustu, en ef vel ætti að vera þyrftu leiðsögumenn að vera enn fleiri. Fyrir Covid-19 faraldurinn komu 2,3 milljónir ferðamanna til landsins og ekki er ólíklegt að um 1,7 milljónir komi á þessu ári – fljótlega verði fjöldinn svipaður og fyrir heimsfaraldur, ef heimsmálin og efnahagsástand leyfa.

Ferðaþjónusta var fremur léttvæg í þjóðarþúskaðum 1972 en hálfri öld síðar er hún orðin meginstöð. Félag leiðsögumanna er samt enn í tilvistarbaráttu, leitar fullrar viðurkenningar á mikilvægi starfa leiðsögumanna, að þörfin á menntun sé að fullu viðurkennd af hálfu hins opinbera og fyrirtækja sem starfa í greininni – og ekki síst að menntunin verði metin til launa.

Friðrik Rafnsson er formaður Leiðsagnar. Við sammæltumst um að hittast á kaffihúsi við Reykjavíkurbíó. Miklu færri ferðamenn eru á rölti framan við gömlu verbúðirnar við Geirsgötu en í sumar. Komið er haust í ferðaþjónustunni og leið-

sögumenn hafa loks tíma til að undirbúa 50 ára afmælisfögnuðinn sem haldinn verður 12. nóvember í Veröld, húsi Vigdísar Finnbogadóttur. Við Friðrik fáum okkur kaffi og spjöllum fyrst vítt og breitt um starf leiðsögumannsins og þær breytingar sem orðið hafa á síðustu árum.

„Um það leyti sem ég byrjaði leiðsögn horfðu menn angistarfullir á tölurnar um fjölgun ferðafólks – hversu rosalegt það væri ef ferðamannafjöldinn færi fram úr íbúatölu landsins. Hvernig í ósköpunum yrði ráðið við það,“ segir Friðrik og brosir við tilhugsunina. Þegar hann fór sína fyrstu túra sem leiðsögumaður á Íslandi, árið 1988, komu 128 þúsund ferðamenn til landsins. Íbúafjöldinn var 247 þúsund. Aldamótaárið 2000 komu tæplega 301 þúsund ferðamenn en íbúar landsins töldust þá 279 þúsund. Það var þó ekki fyrr en 2011 að ferðafólki á Íslandi fór að stórfjölga ár frá ári – alveg fram að heimsfaraldri.

„Ég hef unnið við leiðsögn meðfram þýðingum frá 2010, samfellt í 12 ár. Ég fer mikið um landið og í meginatriðum sýnist mér að vel gangi. Erlent vinnuafli er á hótelum og veitingastöðum af því að við ráðum augljóslega ekki við þetta sjálf, en það er mjög sjaldan að einhver vandræði skapist eða misskilningur verði. Miðað við það hversu mikil þenslan hefur verið þá gengur allt ótrúlega vel.“

Mikil fjölgun ferðafólks hefur auðvitað þýtt að fjölbreyttari flóra fólks kemur til landsins.

„Þetta er mjög mismunandi fólk – frá fáfróðu en mjög jákvæðu fólki, yfir í sérfræðihópa. Með skemmtiferðaskipunum kemur eldra fólk af ýmsu þjóðerni. Það hefur stundum lesið eitthvað um landið en veit lítið. Þykir landið spennandi. Því

kemur á óvart hversu kalt er hér að sumrinu. Yngra fólkið er miklu frekar vel að sér, kemur vegna þess að það hefur heyrt einhverja íslenska músík eða séð *Games of Thrones*. Margir koma mjög vel undirbúnir og þess vegna er eins gott að við leiðsögumenn förum sæmilega rétt með staðreyndir. Við fáum gesti sem gera miklar kröfur, jarðfræðinga og aðra sérfræðihópa. Ég var með hóp belgískra arkitekta í vor og þurfti að undirbúa mig mjög vel, hafa alla byggingarsöguna á hreinu.

En þó ferðafólkinu fjölgi, og þá um leið eykst auðvitað fjölbreyntin í samsetningunni, er meginsteifið samt alltaf það sama: Aðdáun á víðernum og villtri náttúrunni. Fólki líður eins og það hafi lent á tunglinu, er yfirleitt algjörlega heillað. Fólk kemst oft í annarlegt ástand. Stórborgarfólki þykir stórmerkilegt að ganga niður Almannagjá á malarstíg. Öll skilningavit eru þanin.“

Friðrik er sprottinn úr bókmenntaheiminum, mikilvirkur þýðandi úr frönsku. Hvað segir hann um þekkingu túristanna á söguarfi Íslendinga. Þekking þeir Gunnar og Njál, Egil Skallagrímsson og þá kappá alla?

„Ég verð að hryggja lesendur *Túrista* með því að segja frá því að fólk verður oft tómlegt til augnanna þegar maður talar um Gunnar og Njál á Suðurlandi og Egil á Vesturlandi. Almenn þekking erlendir ferðamenn ekki Íslendingasögunar. Þetta er samt hluti af okkar arfleifð og handritin eru á heimsskrá UNESCO. Ég fer auðvitað stuttlega í gegnum menningarsögu landsins. Það er skylda.“

Tekst bókmenntamanninum þá ekki að vekja líf í augnsvip ferðafólksins með fyrirlestri um menningararfinn?

„Jú, það hressist þegar Björk og Arnaldur Indriðason koma til sögunnar.“

Hvaða kostir þýða góðan leiðsögumann?

„Maður verður náttúrulega að hafa gaman af því að ferðast og eiga samskipti við fólk, vilja þjóna fólki og miðla af þekkingu sinni um land og menningu. Til viðbótar má nefna kurteisni og yfirvegund. Ég held líka að eyrun séu stórlega vanmetin líffæri í þessum bransa – að kunna að hlusta, skynja stemninguna. Við hverju býst fólk? Hvernig er hópurninn?

Þegar ferðamannastraumurinn til landsins var stríðastur fyrir heimsfaraldur vantaði töluvert upp á að við ættum nógu marga menntaða og reynda leiðsögumenn til að þjóna þessum fjölda. Þá var kallað til ófaglært fólk með litla reyndu til að hlaupta í skarðið.“

Við Friðrik erum búnir með kaffið og höfum lokið þessari upphitun í spjallinu. Komið er að því að



Friðrik Rafnsson, hefur undanfarin ár m.a. unnið sem leiðsögumaður og fyrirlesari um borð í frönskum leiðangurskipum sem hingað sigla. Hér stendur hann fyrir framan eitt þeirra, *Le commandant Charcot*, sem er nýtt og afar háþróað lúxusskip sérstaklega hannað til siglinga á hafsvæðunum umhverfis heimskautin. Skipið er nefnt eftir franska læknum og leiðangurstjóranum Jean-Baptiste Charcot, sem fórst með skipi sínu *Pourquoi-pas?* hér við land haustið 1936.

ræða það sem brennur heitast á leiðsögumönnum á hálftrar aldar starfsafmælinu.

„Þegar allt rauk í gang aftur í vor komu veikleikar í samningum okkar í ljós. Margir reyndir leiðsögumenn höfðu fundið önnur störf, fastráðið sig á mun betri kjörum á öðrum vettvangi. Það hefur valdið miklum vandræðum í sumar hversu erfitt hefur verið að fá þjálfað og vant fólk til starfa. Framundan er að gera nýja kjarasamninga. Hækka verður launin til að fá fólkið til baka og bæta eins og hægt er ráðningarsambönd til að skapa meiri festu. Við vitum að þetta er enn að stórum hluta árstíðabundinn bransi. Því breytum við ekki auðveldlega en við þurfum að færast í þá átt að þetta verði fastráðningarsamband. Síðan vinnum við að svokölluðu raunfærnimati, sem felur í sér að þau sem ekki hafa fagmenntun, en vantar lítið upp á hana, fái viðurkenningu. Þá hvetjum við erlenda starfsmenn sem vinna við leiðsögn að hafa samband við félagið til að það geti aðstoðað þá við að sækja sér viðbótar-menntun á námskeiðum.“

Ekki liggja á lausu upplýsingar um það hversu margir erlendir leiðsögumenn koma til Íslands með ferðahópum eða hversu hátt hlutfall ferðahópa

sem fara um landið nýtur leiðsagnar menntaðra og þjálfaðra leiðsögumanna.

„Metnaðarfyllstu og bestu fyrirtækin láta okkur vita og lýsa sínum þörfum en því miður eru líka dæmi um hið gagnstæða, eins og hjá bílstjórum. Ég heyrði nýlega af bandarískum leiðsögumanni sem kom til landsins í fyrsta skipti og var á leið með hóp í kringum landið. Hann hafði ekki hugmynd um hvert hann var að fara en treysti algjörlega á bílstjóranum að rata rétta leið og segja honum frá því hvar komið yrði við næsta dag. Þetta var í gegnum íslenskt rútufyrirtæki. Bílstjórinn var settur í vonlausu stöðu, gert að sinna starfi sem honum er ekki ætlað. Hér er ekki aðeins um að ræða gæðamál heldur líka öryggismál. Auðvitað þarf að efla vinnustaðaeftirlit í ferðaþjónustunni, fylgjast betur með því hvernig staðið er að verki. Við bendum lögreglu, skattayfirvöldum og eftirlitsaðilum á það sem okkur þykir undarlegt, bæði varðandi leiðsögn og akstur. Á ferðinni eru rútubílstjórar sem lenda undir ratsjóni, þykjast vera að aka með vinahópa en eru augljóslega ökuleiðsögumenn. Það er kolólöglegt.“

Hvað er í húfi ef leiðsögn er ekki í lagi. Eru það vörusvik?

„Já, þetta eru vörusvik. Settu þig í spor farþega sem er með leiðsögumann sem aldrei hefur áður komið hingað. Þú ert kominn til landsins og treystir því að ökumaðurinn sé með öll réttindi og leiðsögumaðurinn viti nákvæmlega hvert hann er að fara, sé starfi sínu vaxinn. Aðstæður á meginlandi Evrópu eru allt aðrar. Hér erum við á hjara veraldar, allra veðra er von. Öryggisþátturinn verður sífellt mikilvægari. Þá er margt sem varðar náttúruvernd sem huga þarf að. Hlutverk leiðsögumanna hér er ólíkt því sem þekkest víða í kringum okkur.“

Varla er það einungis hlutverk Leiðsagnar að sjá til þess að þessir hlutir séu í lagi?

„Því miður þykir okkur vera dálítið andvaraleysi í þessum málum. Eftirlit af hálfu skattayfirvalda, lögreglunnar og Vinnueftirlitsins er því miður ekki nógu gott. Við höfum unnið að því með Samtökum atvinnulífsins og Samtökum ferðaþjónustunnar að bætt verði úr, en vilji til að hafa skýrar og framkvæmanlegar reglur er ekki til staðar. Menn skjóta sér á bak við hugtök eins og athafnafrelsi og nefna Evrópureglugerðir. Þetta er í betra horfi í löndunum í kringum okkur. Ef pólitískur vilji stendur til þess að frumskógarlögmálin gildi þá verður það þannig áfram. Ég trúi hinsvegar orðum Lilju Alfreðsdóttur, ferðamálaráðherra, og fleiri, að standa eigi vel að málum í þessari atvinnugrein, sem orðin er ein af burðarstöðum hagkerfisins. Við eigum að setja áveðinn gæðastaðal, gera kröfur til leiðsögumanna, erlendra og innlendra. Við viljum aðhald frá yfirvöldum. Það verður að efla menntun og þjálfun, ekki bara meðal leiðsögumanna, heldur almennt í ferðaþjónustunni.

Ísland er dýrt land og það mun ekki breytast. Huga á vel að gæðunum. Forríku fólki sem kemur hingað ofbýður að kaupa bjórsull á tvöþúsundkall en það væri sátt við að borga sömu fjárhæð fyrir góðan bjór. Sama á við um leiðsögn og annað í ferðabransanum. Gæðamálin eru númer eitt. Mér þykir sem margir séu of bundnir við Excel-skjalið, hugsi aðeins í hagtölum. Við vinnum með fólk en ekki baunadósir. Ef við stöndum okkur vel, eins og við raunar gerum oftast, þá getur ferðaþjónustan blómstrað vel og lengi.“

Framkvæmdastjóri Íslenska ferðaklasans sagði einmitt í viðtali við Túrista að margir einblíndu um of á efnahagslega þáttinn, ætluðu bara að græða en þældu ekkert í því hvort samfélagið eða umhverfið biðu skaða af, en sjálfbærni væri ekki náð nema jafnvægi ríkti milli efnahags, samfélags og umhverfis. Tekur þú undir að huga verði betur að heildarmyndinni?



„Algjörlega. Það var talað um gullæði áður en Covid-19 skall á. Mikilli þenslu fylgdu vaxtarverkir. Menn afsökuðu gullgrafaraháttinn með því að segja að það væri bara svo erfitt að gera alla hluti vel. Við leiðsögumenn vorum mörg að vona að faraldurinn gæfi mönnum tilefni til að hugsa sinn gang, andrými gæfist til að endurskipuleggja málin. Jafnvel væri gott ef þau fyrirtæki sem hefðu staðið sig illa færu bara á hausinn, einhverjir jólasveinar hyrfu af sviðinu. Því miður hefur það ekki gerst. Mér sýnist sama mynstur haldast. Auðvitað ber að taka fram að 90 eða 95 prósent fyrirtækjanna standa sig vel, borga umsamin laun og gera allt eins og vera ber, eru metnaðarfull og sinna starfsfólki sínu og viðskiptavinum eins vel og þau geta. Svo eru nokkrir lukkuriddarar, fyrirtæki sem við stöndum í stappi við þessa dagana af því að við tökum harðar á þessum málum en áður. Þessi fyrirtæki eru með einbeittan brotavilja, hlunnfara sitt fólk og það bitnar um leið á viðskiptavinunum, farþegunum sem við þjónum. Því miður er ákveðinn hópur sem heldur þessu áfram. Eitt þessara fyrirtækja stærði sig af því nýverið að hafa endurskipulagt reksturinn og tekist að skera niður launakostnað svo um munaði. Það var meginatriðið í því sem viðkomandi hrósaði sér af. Það þykir okkur ekki benda til mikils metnaðar gagnvart starfsfólki.

Leiðsögn er annars vegar fagfélag, tæki til að efla menntun og fagmennsku félagsmanna, og hinsvegar stéttarfélag sem stendur vörð um hagsmuni félagsmanna í launamálum. Það yrði lítið úr ferðabjónustunni ef ekki væru leiðsögumenn. Við höfum þess vegna farið fram af miklu meiri hörku en áður – ekki síst í ljósi þess að sumir virðast ætla að brjóta leikreglurnar áfram. Við héldum að þetta væri að færast í betra horf en úr því að svo er ekki höfum við þurft að kalla til lögfræðinga og taka fast á málum.“

Hvernig birtist þetta? Eru viðkomandi fyrirtæki hreinlega ekki að borga ekki réttmæt umsamin laun fyrir unna vinnu?

„Þetta birtist með ýmsum hætti. Sum fyrirtækin vilja ekki verkefnaáða fólk á tilgreindum launum heldur bjóða einhliða upp á að fólk gerist verktakar en reikna ekki með launatengdum gjöldum svo vinnan standi undir sér. Þetta er svokölluð gervi-vertaka. Þarna er um að ræða einhliða ákvörðun: Annað hvort tekur þú þetta eða færð ekkert. Önnur fyrirtæki reikna út einhvers konar meðallaun og reyna að halda þeim sem allra lægstum, búa til eigin viðmið. Reynt er að komast hjá því að virða kjarasamninga en sem betur fer þá sætta Samtök atvinnulífsins sig ekki við að sínir félagsmenn hagi

sér svona. Fyrirtæki utan samtakanna halda hinsvegar áfram að brjóta samninga. Þá er ekki önnur leið fær en að höfða mál.“

Maður skyldi ætla að samningsstaða ykkar á markaðnum væri sterk vegna skorts á leiðsögumönnum, allir fengju a.m.k. greitt samkvæmt kjarasamningum?

„Jú, það er ekki síst þess vegna sem þetta kemur manni á óvart. Í tveimur fyrirtækjanna sem um ræðir eru stjórnendur hreinlega á móti stéttarfélögum, hafa jafnvel bannað sínu fólki að ganga í Leiðsögn. Það er auðvitað lögbrot. En þetta eru auðvitað undantekningar. Við erum almennt í góðri stöðu og hér eru líka fyrirtæki sem yfirbjóða í vant fólk.“

Leiðsögumenn hafa í áratugi barist fyrir því að starfið verði lögverndað. Ætti að gera kröfur um að enginn sinni leiðsögn án tilskilinna viðurkenndra réttinda?

„Þetta hefur lengi verið baráttumál þó það sé ekki efst á dagskrá núna, en vinna er í gangi um samræmingu menntunar leiðsögumanna. Yfirvöld vilja frekar fara þá leið og benda á að vindar séu ekki hagstæðir fyrir þá sem vilja lögvernda starfsgreinar, frekar sé verið að létta á slíkum hömlum. Inn í þetta spila reglur um atvinnuréttindi innan EES. Við leggjum hinsvegar áherslu á að lögverndin sé um leið neytendavernd. Kannski eru aðrar leiðir mögulegar, eins og t.d. samræmd menntun í leiðsögn og þess vegna eitthvert gæðaeftirlit ferðabjónustunnar. Þetta mætti allt skoða. Aðalatriðið í okkar augum er að hver sem er geti ekki tekið næstu vél til Íslands og farið hring um landið sem leiðsögumaður. Það er stórhættulegt.“

Þú skiptir árinu í tvennt, sinnir leiðsögn á sumrin og þýðir síðan á veturna bókmenntir á frönsku yfir á íslensku. Þú ert menntaður í Frakklandi, heldur sterkum tengslum þangað, með hugann til hálfis í frönskum bókmenntum og menningu. Verður Íslendingurinn í þér engu að síður stoltur og upprifinn af því að skynja hrifningu útlendinga á Íslandi?

„Já, algjörlega. Þau gera stundum grín að mér, sérstaklega þegar kemur gott veður eftir rigningarkafli. Þá verður maður óskaplega stoltur. Nú nýlega var ég með bandarískan lúxushóp á Langjökli. Öllu var til tjaldað. Þarna um miðjan september vorum við í blankalogni, uppi á jökli í 10 til 15 stiga hita. Við leiðsögumennirnir sögðum í sífellu: Sjáið hvað er gott veður! Ferðafólkið sagðist vera búið að átta sig á því að það væri heppið, óþarfi væri að tönnlast á því.

Svo lengi sem maður er stoltur af landinu sínu, hefur gaman af samskiptum við fólk og er að gefa af sér, þá helst maður í þessu.“

Auður Jónsdóttir

AÐ ÞEKKJA LANDIÐ



Mér finnst ég gjörþekkinga Ísland. Bara finnst. Af hverju? Bara . . . ég er íslensk.

Ég hef svo lengi og oft búið á Íslandi. En þegar ég les viðtöl við leiðsögumenn, eða geng fram á þá að leiðsegja úti á landi eða í miðbænum, hvarflar að mér að líklega þekki ég landið ekki eins vel og ég hef talið mér trú um. Ég veit minna en mér finnst ég vita að ég viti.

Á randi um Grjótaþorpið eða Austurvöll hægi ég stundum á mér þegar ég mæti leiðsögumanni með hóp og fræðist í laumi. Og finnst ég vera útlensk þegar mér skilst að svo margt er mér framandi, á þessu svæði sem ég er þó svo kunnug. Ég er ferðamaður í eigin landi.



Og stundum spjalla ég við erlenda ferðamenn, nýkomna úr túrum úti á landi, og heyri þá allskonar safaríkt um landið mitt – eins og ég kalla það – en við að hlusta á lýsingar þeirra á náttúruperlum sem ég vissi ekki um og heyra nýjar sögur úr munni þeirra, nýupptendraðra eftir upplifun með leiðsögumönnum, finnst mér að þeir eigi aðeins meira í landinu mínu. Þeir búa yfir fróðleik um það, einhverju sem ég hafði aldrei heyrt! – Nýfundnum, margslungnum fróðleik – sem þeir öðluðust hjá leiðsögumönnum.

Í rauninni veit ég lítið um landið, miðað við hafsþjóinn sem hægt er að vita. Þennan botnlausna hafsþjó. Dýpri en ég get ímyndað mér. Svo margt, á margvíslegan hátt, sem ég gæti vitað. Ég held að fjölmargir erlendir ferðamenn viti orðið töluvert meira um Ísland en ég eftir að hafa ferðast um landið með leiðsögumönnum. Einhver Joe frá Brooklyn eða Ulrika frá Þýskalandi vita sennilega töluvert meira um hina og þessa staði á Íslandi – sögur og sagnaminni – ef þau hafa ferðast um landið með leiðsögumönnum. Í rauninni væri ekki svo vitlaust fyrir mig að kaupa ferðir með leiðsögumönnum til að geta staðið undir því að þykjast vita svona mikið um Ísland. Eins og ég geri stundum á erlendri grundu innan um fólk sem veit mest lítið um landið. Nema vitleysuna sem ég segi því.

Um daginn, þegar ég var að safna heimildum í grein um listir sem aflvaka hagvaxtar og hagræn áhrif þeirra – á mun flækingslega víðfeðmari hátt en gerlegt er að mæla – þá hvarflaði að mér að svipað gildi um leiðsögumenn og listamenn.

Hver leiðsögumaður er einstakur. Einstakur eins og listamaðurinn. Og kannski má segja að leiðsögu-

maðurinn sé listamaður á sinn hátt. Sögumaður, leikari, jafnvel leikstjóri. Í hverjum og einum leiðsögumanni býr hafsjór sértæks fróðleiks; allar sögurnar sem hann segir vætla inn í óteljandi vitundir héðan og þaðan úr heiminum. Þannig berast sögurnar áfram. Þær ferðast, í tónbrigðum ólíkra tungumála. Einstakar lýsingar berast munn úr munn og verða kveikjur í öðrum löndum, heimsálfum, og tendra áhuga annarra á landinu. Sögu landsins, sögum þess. Ástríða leiðsögumannsins tendar ástríðu í þeim sem hlusta og eitthvað ósýnilegt ferðast um heiminn, fljúgandi sögur, og styrkir ásýnd ekki bara landsins, heldur líka samfélagsins. Þetta ósýnilega er seint hægt að meta til fjár. Til þess er það of margslungið og mikið. En því dýrmætara. Dýrmætara en við náum utan um.

Og kannski er heldur ekki svo mikill munur á því að vera skáld eða leiðsögumaður. Leiðsögumaðurinn er skáld augnabliksins. Hann miðlar, segir frá, tjáir sig og skapar ævintýri. Þýðir upplýsingar á milli tungumála. Fangar upplifun í orð og fléttar henni saman við fróðleik. Um leið og það á sér stað gerjun þegar fólk frá öllum heimsins hornum spyr spurninga sem hafa ekki heyrst hér áður og setur þannig minnið í nýtt samhengi, svo smám saman verður leiðsögumaðurinn líka nýr.

Ég var reyndar leiðsögumaður í einn dag. Fyrir sautján árum. En því miður ekki mjög fróður leiðsögumaður. Ég bjó í Kaupmannahöfn og eitt kvöldið var hringt í mig. Í símanum var starfsmaður ferðaskrifstofu. Hann sagði mér að leiðsögumaður þeirra hefði veikt en hópur fólks frá Íslandi, í vinnustaðferð, vænti þess að fara í gædaðan túr snemma morguninn eftir, um Dragør og Kaupmannahöfn. Ég veit ekki af hverju hann hringdi í mig. Kannski af því að ég er rithöfundur og segi sögur. Í græskuleysi sagðist ég redda þessu!

Heima hjá mér var til slatti af sögubókum um Kaupmannahöfn; Björn Th. og eitthvað líka á dönsku, bækur sem höfðu fylgt þáverandi eiginmanni mínum og voru úr fórum sagnfræðingsins mömmu hans, Ingu Huldar Hákonardóttur. Einhverjum bókum hafði hann sankað að sér sjálfur. Ég vakti alla nóttina við að hraðfletta þessum bókum og mætti svo í rútu sem beið mín á Vesterbro um morguninn. Fyrrverandi eiginmaður minn kom með, mér til halds og trausts. Ég settist fremst í rútna með hljóðnema og byrjaði að tala um leið og rútan renndi af stað. Ósofin reyndi ég að muna sem mest úr bókunum. En fyrrverandi eiginmaðurinn, betur lesinn í þessum bókum en ég og alinn upp í Kaupmannahöfn, neyddist til að leiðrétta mig, án þess að hugsa út í hljóðkerfið, svo ferðafólkið hlýddi á mig þylja upp skrumskældar upplýsingar

og síðan á hann að leiðrétta mig. Þess má geta að eftir skilnað okkar gerðist hann leiðsögumaður og hefur starfað sem slíkur síðustu fimm árin.

Mér er í brjóst borið að þykja vænt um leiðsögumenn. Bæði pabbi minn og pabbi hans unnu við að gæða. Liðlega tvítugur flæktist pabbi með ferðafólk á milli Malaga og Granada, árið sjötíu og eitthvað, og mamma flæktist með og ég inni í maga hennar. Pabbi flæktist líka með fólk til Marokkó.

Föðurafi minn var frumkvöðull í þessum bransa, ég held að hann hafi byrjað sextíu og eitthvað að þvælast með Íslendinga suður í lönd. Til Spánar, Ítalíu, Grikklands og Marokkó. Ég hitti enn þann dag í dag aldrað fólk sem minnst ferðanna með honum. Sjálf man ég eftir að þegar við heimsóttum hann þar sem hann var að gæða á Ítalíu, þá bakkaði hann hratt inn einstefnugötur og sagði að svona keyrði fólk á Ítalíu! Hann hét Ottó Jónsson og kenndi ensku og latínu í MR en gædaði þess á milli. Stundum skrapp hann til Suður-Evrópu yfir helgi, sem var fátítt þá. Sögurnar af honum sveipuðu hann ævintýraljóma. Hinn afinn, í móðurlegg, fölnaði í samanburði við þessa ævintýramennsku.

Ein sagan er svona: Hótelstarfsmaður vakti afa Ottó með andköfum. Hrópandi: Senjor Ottó, senjor Ottó! Ástæðan var sú að á ströndinni við hótelið lá sofandi Íslendingur í úlpu. Hann hafði flækst á fyllerí til Spánar og var ennþá í úlpunni þegar hann drapst áfengisdauða á ströndinni.

Og það var fastur liður að sækja Íslendinga á lög-reglustöðina eftir að þeir höfðu býsnast of hátt yfir Franco á börunum. Þá þurfti að beita lagni!





Já, það gæti verið meira vesen að gæða Íslendinga en fólk frá ýmum öðrum þjóðum!

Tvær sögur voru í upphaldi. Þegar afi Ottó hitti demantasala í Marokkó sem bauð honum demant til kaups. Til að sýna fram á að demanturinn væri ekki ekta hafði afi minn hröð handtök, gekk að speglasala og skar í spegil sem þar var til sölu. Alvöru demantur sker, ekki platdemantur. Þetta reyndist vera alvöru demantur og speglasalinn varð ekki hress.

Hin sagan er á þessa leið: Hann sigldi á norskum skipadalli yfir Gíbraltarsundið með hóp Íslendinga og geymdi passa, ferðatékka og flugmiða allra í skjalatöskunni sinni. Í miðri ferð lagði hann töskuna á handrið útivið á meðan hann var að kjafta, hélt reyndar í hana en gleymdi sér í kjaftagleðinni, slepti takinu og taskan datt ofan í sjó. Afí minn, sem var íþróttamannslegur og fyrrum atvinnumaður í fótbolta, gerði sér lítið fyrir og stakk sér í sjóinn. Það þurfti að stoppa skipið og sækja hann þegar hann var búinn að finna fljótandi skjalatöskuna, sem hann var híður upp með í fanginu. Viðbrögð, já, snöggir reflexar, sennilega góður eiginleiki í leiðsögn.

Þessar sögur voru sveipaðar sama stjörnuljómanum og sögur af fólki sem vinnur í sirkus. Mér fundust sögurnar af föðurafa mínum að gæða, kvikum og viðbragðsfljótum, svipaðar og sögurnar í *Ævintýrasirkusnum* eftir Enid Blyton.

Sögur af gæðum eru skemmtilegar. Ég fékk far með einum sem sagði mér að hann lenti stundum í því að hugga – oft amerískar – konur úti í móa. Í miðri ferð kæmi stundum í ljós að þær væru í ástar-


sorg, já, eða nýfráskildar. Ég sagði öðrum leiðsögumanni frá þessu, sem hló og sagðist líka hafa huggað að konur úti í móa. Eins konar farandsálfræðingar þessir leiðsögumenn.

En kannski þarf að ferðast á ókunnan stað til að geta opnað sig andspænis ókunnugum, einhverjum sem þú treystir til að leiða þig á áfangastað. Nefnilega leiðsögumanninum. Fólk verður jú að geta treyst leiðsögumanninum fyrir sjálfu sér. Hann getur farið með það hvert sem er. Í þessu trausti er hann allt. Hann er landið sem hann kynnir. Návist hans, allar sögurnar eins og nákvæmlega hann segir þær, geta gert ferðina ógleymanlega. Leiðsögumenn búa til Íslendingasögur fyrir þá sem flækjast með þeim. Margfróðir skapa þeir sýn á landið sem ferðast síðan út um heiminn. Eins og áður sagði miðlar fólk áfram þeirri sömu sýn sem leiðsögumaðurinn miðlaði þeim. Þá landkynningu getum við aldrei mælt í peningum.

Þó er þjóðin – og sérstaklega eftir Covid – meðvituð um að ferðapjónustan er orðin þungavigt í efnahagskerfi þjóðarinnar. Íslensk þjóð treystir á leiðsögumanninn rétt eins og ferðafólkið treystir honum. Og við treystum líka á að hann geymi minni lands og þjóðar. Minni náttúrunnar.

Mig rámar í lýsingu í bók sem lýsti gæð fyrir rúmum hundrað árum. Sá var kallaður Stebbi gæð og kunni að tala ensku og gat sagt frá Sjeikspír og kennt börnum þegar hann var ekki að gæða. Gæðinn vissi jú allt! Hann veit allt ennþá!

Takk fyrir það. Og til hamingju með afmælið!





Pökkum gott samstarf í gegnum tíðina



VIÐTAL VIÐ PÉTUR URBANCIC



Pórhildur Sigurðardóttir hitti Pétur Urbancic í Perlunni eitt síðdegi í nóvember og ræddi við hann um starf leiðsögumannsins. Pétur hefur starfað við leiðsögn til fjölda ára og er einn af stofnendum félagsins, og þar með einn þeirra sem var heiðraður á hátíðarfundinum 12. nóvember þegar við minntumst 50 ára afmælis félagsins. Pétur er fæddur í Vínarborg árið 1931 og fluttist til Íslands með foreldrum sínum haustið 1938, aðeins sjö ára að aldri.

”

Foreldrar Péturs voru dr. Victor Urbancic og kona hans, Melitta, fædd Grünbaum. Þau voru austurrísk og Melitta af gyðingaættum. Victor Urbancic var virtur tónlistarkennari, tónskáld og stjórnandi í Graz í Austurríki og víðar á þýskumælandi slóðum á fjórða áratugnum. Eins og alkunna er varð hann, hingað kominn, einn allra fremsti tónlistarmaður landsins í frumbersku atvinnuþáttum í þeirri grein á landinu, hvatamaður að öllum helstu tónlistarstofnunum landsins og sannarlega lyftistöng fyrir hið fábrotna íslenska menningarlíf þeirra tíma í Reykjavík. Melitta var stórmerkelig málvísindakona og heimspekingur og hafði einnig fengist við leiklist. Afar fróðlegir þættir voru fluttir í ríkisútvarpinu fyrir nokkrum árum um Melittu þar sem m.a. var rætt við Pétur og systur hans um fjölskylduna.

Manstu eftir því þegar þú komst til Íslands?


„Já, já, þetta var svo spennandi, að koma á farþegaskipinu *Dronning Alexandrine* yfir Norður-Atlantshafið. Skipið sigldi hálfsmánaðarlega á milli Kaupmannahafnar og Íslands, að minnsta kosti á sumrin. Ég var bara sjö ára strákur, með augun og eyrun galopin allan tímann.“

Dú ert elstur, af hve mörgum systkinum?

„Við erum fjögur. Ég er elstur en við vorum bara þrjú þegar við komum. Systur mínar eru fæddar 1932 og 1937 og sú yngsta er fædd hér á landi þann 9. maí 1945, nokkrum klukkustundum eftir að vopnahléi var lýst yfir í Evrópu.“

Hvernig kom það til að þið komuð til Íslands?

„Það stóð þannig á ferðum okkar að pabbi var tónlistarkennari og yfirkennari í Tónlistarskólanum í Graz í Austurríki. Á þessum tíma var ástandið orðið svo ískeygilegt í Evrópu, rétt fyrir seinni heimstyrjöldina, að hann vildi koma fjölskyldunni undan. Franz Mixa hafði verið ráðinn sem hljómsveitarstjóri í Hljómsveit Reykjavíkur og tónlistarkennari undanfarin ár og þekktust þeir. Þeir gerðu samkomulag við Tónlistarfélag Reykjavíkur um að pabbi tæki við af honum þar sem hann vildi fara heim. Eftir komuna hingað komst pabbi að því að það væri enginn organisti í Landakotskirkju og



bauðst hann til að taka það að sér í sjálfböðavinnu og því starfi sinnti hann raunar alveg það sem eftir var ævi hans. Hann var því ráðinn hingað sem tónlistarkennari og hljómsveitarstjóri og var jafnframt organisti í kaþólsku kirkjunni.“

Hvar bjugguð þið fyrst þegar þið komuð?

„Í íbúð á horni Hverfisgötu og Klapparstígs. Fyrsta veturinn hóf ég nám í Landakotsskóla og þótti foreldrum mínum dálítið áhættusamt að senda mig fótgangandi svona langa leið, fram og til baka. Það kom fyrir að pabbi reiddi mig á hjólinu sínu í og úr skóla. Annan veturinn byrjaði ég svo í Miðbæjar-skólanum og var þar til tólf ára aldurs en þá fór ég í einkakennslu til undirbúnings fyrir menntaskóla. Þannig komst ég í menntaskóla ári á undan jafnöldrum mínum. Þá tók stúdentsnámið sex ár og lauk ég stúdentsprófi árið 1950.“

Varstu þá svona duglegur í skóla að foreldrum þínum fannst að þú ættir að geta þetta?

„Annaðhvort var ég svona duglegur eða foreldrar mínir voru svona tilætlunarsamir, nú eða þá hvortveggja! Ég stóð mig ekki verr en það að ég útskrifast stúdent rétt óorðinn 19 ára. Mig minnir að við höfum verið 122 í þessum árgangi og ég held að ég fari rétt með að ég hafi verið fjórði eða fimmti efsti í þeim árgangi á stúdentsprófinu.“

Þú vannst við ýmislegt áður en þú varðst leiðsögumaður?

„Já, já, ég var nú í sveit fyrstu sumrin en 1947 stóð til að ég færi ekki í sveit aftur. Við áttum kunningja sem vann í Landsbankanum og hann sagði okkur að það vantaði sendisvein í Landsbankann. Ég sótti um starfið og fékk það. Þannig hófust afskipti mín af starfsemi Landsbankans og síðar Seðlabankans. Fyrstu árin var ég sumarstarfsmaður í Landsbankanum með skóla, en eftir stúdentsprófið fór ég í háskólann. Ég fór í það sem var kallað íslensk fræði eða norræna. Ég var með ágætiseinkunnir á stúd-

entsprófinu í tungumálum og byrjaði því líka jafnframt í tungumálanámi.

Þegar ég var enn í háskólanáminu stóð svo á að föðuramma mín sem bjó í Vínarborg, ekkja afa míns sem hafði dáið 1949, bauð foreldrum mínum að kosta okkur systkinin einn vetur í tónlistarnám í Austurríki. Ég fór líka í háskóla í Vínarborg einn vetur og lagði stund á samanburðarmálfræði og þýðingatækni. Samkvæmt einhverri gamalli reglugerð gat háskólinn í Vínarborg leyft stúdentum að fara í stöðupróf í þeim tungumálum sem þar voru kennd, þótt þeir hefðu ekki verið skráðir stúdentar í þessum tungumálum, og svo var líka hægt að sækja um þýsku fyrir útlendinga. Þetta nýtti ég mér og í þýðingatækninni varð ég svo að velja eitt-hvert erlent tungumál til að þýða af og á. Ég samdi við prófessorinn um að ég fengi að taka dönsku og þýsku, munnlega og skriflega. Ég lauk þessu prófi og kom með skírteini hingað heim vorið 1954 og fékk út á það réttindi sem skjalapýðandi og dóm-túlkur. Ég var svo heppinn að rétt áður en ég fór í prófið hafði verið heilmikil sýning í Vínarborg um ferðalög, húsbíla og ferðabúnað alls konar. Ég skoðaði þessa sýningu býsna ítarlega og það kom sér vel þegar ég fór í munnlega prófið, því að ég gat nýtt mér meira og minna orðaforðann sem ég hafði kynnt mér á sýningunni um alls konar ökutæki, sporvagna, umferðarlög og ýmislegt í þeim dúr, segir Pétur og hlær. Svo fór ég í ökuskóla þarna til þess að læra á stórborgarumferð sem ég hafði verið alveg óvanur.“

En hvernig var svo starfsferlinum háttað?

„Ég vann lengst af í endurskoðunardeild Landsbankans og síðar þegar Seðlabanki Íslands óx út úr Landsbankanum og varð að sérstakri stofnun fór ég til starfa þar. En svo kom að því að ég var orðinn bæði langþreyttur og dauðleiður í bankanum, nú til dags væri þetta sjálfsagt kallað kulnun í starfi.“



”

Pétur er mikill tónlistarmaður, eins og hann á kyn til, og var um tíma að velta fyrir sér að gera tónlist að ævistarfi sínu. Hann lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1951 í sellóleik sem aðalgrein og með kontrabassa sem aukahljóðfæri. Hann starfaði alltaf öðru hverju á árum áður sem hljóðfæraleikari í Hljómsveit Reykjavíkur.

Pétri segist svo frá: „Um það leyti sem ég var að brenna út í bankanum losnaði kontrabassastaða hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og ég var ansi mikið að hugsa um að sækja um hana. Á sama tíma bauðst mér einnig starf í þýska sendiráðinu að þýða það sem máli skipti úr íslensku dagblöðunum fyrir sendiráðsstarfsfólkið. Ég var með skjalapýðanda-prófið og úr varð að ég réð mig til sendiráðsins og því varð ekkert úr umsókninni til Sinfóníuhljómsveitarinnar. Ég réð mig við þýðingarnar í launlausu leyfi frá bankanum til eins árs – til allrar hamingju – því að ári liðnu ákvað þýska ríkið að skera fjárveitingu til þýðinganna niður. Þegar þessi staða kom upp losnaði einmitt deildarstjórastaða í bankanum og í hana fór ég beint úr sendiráðinu.“

En hvernig kom til að þú fórst að vinna við leiðsögn? „Ég fór árið 1958 eða 1959 á leiðsögumannanámsskeið hjá Ferðaskrifstofu ríkisins, sem þá stóð fyrir þessum námskeiðum. Vigdís Finnbogadóttir og Björn Þorsteinsson sagnfræðingur sáu um þau á þessum tíma, bæði mjög fróð, en Vigdís sagði raunar mun skemmtilegar frá en Björn þótt hann væri heil fróðleiksnáma. Ég á enn leiðsöguskírteinið mitt sem er orðið svo gamalt að það á orðið erindi á Þjóðskjalasafnið! En í bili er það vel geymt í bankahólfli!

Í raun má samt segja að ég hafi byrjað að starfa við leiðsögn miklu fyrr. Ég var í sveit sem krakki fyrir norðan og rútan milli Reykjavíkur og Akureyrar ók framhjá bænum sem ég var á. Þar var til húsa bréfhirðing og eitt af störfum mínum var að sækja póstpökann niður á veg. Þannig kynntist ég rútbílstjórunum og var farinn að þekkja þá vel. Svo var það eitt sinn í kringum 1950 að þýskir skólakrakkar sem höfðu unnið til sérstakra verðlauna komu í skólaferð til Íslands. Ferðin var skipulögð af umboðsmanni Loftleiða í Hamborg og flogið var með hópinn til Akureyrar en síðan átti að aka honum landleiðina suður með rútu. Þá mundi einhver bílstjóranna allt í einu eftir stráknum sem gat talað þýsku og fór að spá í hvort ég gæti ekki verið þeim innan handar með hópinn. Þannig að ég fór

með rúttunni til Akureyrar, við sóttum hópinn og ég fór með þeim suður sem leiðsögumaður og átti að „kjafta við þau“ á leiðinni á þýsku. Þetta var sem sé fyrsta leiðsöguverkefnið mitt! Það var hjá því fyrirtæki sem seinna varð að SBA-Norðurleið og starf mitt hjá því fyrirtæki hefur ekki rofnað síðan.

Það er gaman að hafa starfað með þeim allan ferilinn sem leiðsögumaður, því að alla tíð síðan ég fór að starfa við leiðsögn af alvöru hef ég verið kallaður til þeirra norður þegar stór skemmtiferðaskip eru á ferðinni og þá bráðvantar leiðsögumenn að sunnan. Þetta hélst alveg fram að Covid. En nú í vor, þegar ég fékk að venju skipalistann, ákvað ég að byrja ekki aftur eftir faraldurinn – enda kominn yfir nírætt – og taldi mál til komið að kveðja formlega og hringdi norður til að tilkynna það. Vildi þá ekki svo skemmtilega til að Beggi, markaðsmaður hjá SBA, sem hafði haldið utan um ráðningar mínar árum saman fyrir norðan, var einmitt að fara á eftirlaun daginn eftir, svo segja má að við höfum hætt samtímis! Úr þessu varð hið skemmtilegasta símtal. Nákvæmlega eins og þegar ég fór í heimsókn á skrifstofu Atlantik til að kveðja starfsfólkið þar eftir margra áratuga farsælt samstarf. Ég vann nefnilega heilmikið fyrir Atlantik, m.a. í hálendisferðum og líka þegar farþegum var ekið norður og þeir hittu skipið þar.

Ég er líka nýhættur að syngja í kór Landakotskirkju, söng í honum alla tíð nema árið sem ég var í Austurríki. Alveg þar til núna í vor, og þá var enginn búinn að vera eins lengi í kórnum og ég. Ég ákvað að hætta á meðan ég kæmist enn einn og óstuddur niður bratta stigann ofan af söngloftinu, og það þótt kórfélagar mínir byðust til að bera mig niður ef ég héldi áfram! Ég hafði byrjað sem kórdrengur í kaþólsku kirkjunni strax og ég hafði aldur til og pabbi nýtti mig líka til að aðstoða sig við orgelið í Landakoti, svo að ég var þar vel kunnugur.“

Þú varst sem sé byrjaður að vinna við leiðsögn löngu áður en félagið var stofnað?

„Já, hann Jón Þ. Þór kom að máli við mig austur á Flúðum og sagði mér frá því að til stæði að stofna félag leiðsögumanna. Mér leist strax afar vel á það og var því meðal stofnfélaga 1972.“

Þið voruð þó nokkur stofnfélaganna sem mættuð á afmælisfundinn um daginn.

„Já, en ég bar ekki strax kennsl á alla. Ég kveið mest fyrir að ganga óstuddur og taka við viðurkenningunni sem okkur var veitt, en þegar til kom sá ég að ég skar mig á engan hátt úr hópnum. Þarna var fólk með göngugrindur og allra handa græjur, enda var þetta fólk flest komið vel á fullorðinsár fyrir fimm-tíu árum þegar félagið var stofnað! Það var því við að búast að ég myndi ekki hitta nein unglömb!“

Hvernig voru nú fundirnir hjá félaginu á árum áður?

„Þeir voru langir! Leiðsögumenn kunna nefnilega að tala. Það þurfti iðulega að fresta fundum um miðnætti þegar loka átti fundarhúsnæðinu.“

Og hvernig var starfsumhverfið?

„Ég hafði leiðsögn aldrei að aðalstarfi heldur vann í sumarfríum og um helgar. Ég fann strax út að lyklatríði í ferðum er gott samstarf milli leiðsögumanns og bílstjóra. Það er mikilvægt fyrir nýliða að geta leitað til bílstjóra en stundum lenda þeir þó í erfiðum bílstjórum. Ég man eftir nokkrum atvikum sem sýna að mikilvægt er að skipta sér ekki of mikið af því sem bílstjórinn gerir. Eitt sinn var ég með erfiðan farþega, þið vitið, þennan sem er alltaf seinastur inn og alltaf að finna að öllu. Hann kemur eitt sinn til mín í stoppi og segir mér að bíllinn sé í gangi. Hann sé loftslagsverkræðingur eða eitthvað slíkt og bílar eigi ekki að vera í lausagangi. Ég kom því til skila til bílstjórans að farþegi sé að kvarta yfir þessu. Farþeginn kemur svo aftur og segir mér að bíllinn sé enn í gangi og heimtar að drepjið sé á honum. Ég þakkaði honum fyrir ábendinguna, ég hefði þegar komið henni til skila, en þetta sé verkefni bílstjórans en ekki mitt og hann kunni að hafa sínar ástæður fyrir því að hafa þetta svona. Eftir þetta var farþeginn ljúfur sem lamb.“

Í annað sinn erum við í rútuferð og ég sé risastór-an vörubíl koma upp á móti okkur í hlykk á veginum mín megin en var efins um að bílstjórinn hefði séð hann. Ég spurði hvort hann vissi af bílnum. Hann svaraði því játandi og þar með lauk samtalinu, en síðar færði hann þetta atvik í tal við mig. Ég sagði honum þá að ég hefði bara viljað tryggja að hann vissi af bílnum, og þar með treysti ég honum fyrir sínu starfi eins og vera ber og skipti mér ekki af því hvernig hann leysti sitt verkefni.

Svo getur þetta líka verið á hinn veginn. Ég var eitt sinn að koma með skipafarþega til Húsavíkur og fór að tala um landnámsmanninn Hrafna-Flóka. En hvað sjáum við þá ekki í miðjum bænum á Húsavík: minnismerki um Garðar Svavarsson, fyrsta landnámsmanninn! Þá sagði bílstjórinn: „þar kom

að því“, og sagðist vera feginn að ég hefði loksins rambað á réttan landnámsmann, hann hefði verið búinn að halda aftur af sér síðan ég fór að tala um Hrafna-Flóka! Þetta er því gagnkvæmt – og þannig eigum við hvor um sig að sinna okkar starfi og láta hinn um sitt.

Annars hefur starfið breyst óskaplega mikið. Áður þurftum við að bjarga okkur sjálf með svo margt. Núna er allt skipulagið njörvað niður og við erum með nákvæmar tímasetningar á öllu frá ferðaskrifstofunni og reglur um flest, m.a. verka-skiptinguna milli leiðsögumanns og bílstjóra, fyrir-mæli um að prófa hljóðnemann fyrirfram, kynna sér og fyrir farþegum öryggisbúnað og neyðarútganga og margt fleira í þeim dúr. Þetta er bara af því góða. Farþegarnir eru líka svo oft uppteknir af tryggingamálum að það gæti skipt ferðaskrifstofurnar verulega miklu máli ef eitthvað ber út af, því þá reyna sumir farþegar að finna smugur um bóta-skyldu. Þetta verðum við ekki síst að hafa í huga ef við bætum sjálf einhverju við á ferðaáætlunina. Ég held að þar séu hestastoppin hættulegust.“

Nú er tekið að líða á daginn og nóvembersólin farin að síga í vesturátt. Það hefur verið gaman að spjalla við Pétur og heyra undan og ofan af lífi hans sem dæmigerðs leiðsögumanns í öll þessi ár sem hann hafði leiðsögn að sumarstarfi meðfram föstu starfi sínu, eins og flestir leiðsögumenn á þessum árum. Við vitum að Pétur var vinsæll, með sína léttu lund, og gaman að vita að farþegar báðu oft sérstaklega um hann. Eitt sinn kom farþegi til landsins með skipi, rígfullorðin kona sem Pétur hafði áður verið með í ferð af skemmtiferðaskipi, og hvern sér hún á bryggjunni þegar hún kemur í land? Var þar ekki leiðsögumaðurinn sem hún hafði haft í fyrri ferð! Hún rauk upp um hálsinn á honum og mun samferðamönnunum hafa brugðið að sjá konuna rjúka á fyrsta karlmanninn sem hún sá á klakanum og kyssa hann! Aftur hittust þau svo á Akureyri og þá var keppst um að vita í hvaða rútu Pétur myndi vera, allir vildu vera með besta leiðsögumanni á Íslandi!



Tryggvi Felixson, formaður Landverndar

LEIÐSÖGUMENN ERU LYKILFÓLK Í NÁTTÚRUVERND!



Páll Skúlason heimspekingur segir í bók sinni *Hugleiðing við Öskju*:

„Við erum til og lifum í trúnaðarsambandi við veruleikann sjálfan. Veruleikinn er náttúruleg heild, Náttúran. Afdrifaríkustu viðburðir vestrænnar sögu síðustu alda er brestur í sambandi manns og náttúru. Höfuðvandi nútímans er að lífið er í lausu lofti þar sem trúnaðarsamband manns við náttúru er brostið.“

Einn megintilgangur með starfi náttúruverndar-samtaka er að opna augu fólks fyrir dásemdum jarðar – og að leggja rækt við hið nauðsynlega samband á milli manns og náttúru; byggja upp það trúnaðarsamband manns við náttúru sem Páll Skúlason sagði brostið. Þetta er eitt mikilvægasta viðfangsefni nútímans og lykill að lausn á þeim yfirþyrmandi vanda sem við blasir í samskiptum manna og náttúru.

Siðareglurnar vísa veginn

Í siðareglum leiðsögumanna segir að leiðsögumaður hafi það mikilvæga hlutverk að leiða ferðamenn um landið og veita þeim innsýn í menningu, sögu og náttúru Íslands. Enn fremur að leiðsögumaður hafi í hvívetna vistvæna umgengni, náttúruvernd og sjálfbæra þróun að leiðarljósi og skuli vekja athygli ferðamanna á þeim reglum sem gilda um vernd náttúru á Íslandi. Siðareglurnar eru gagnlegur leiðarvísir fyrir leiðsögumenn.

Að tengja mann og náttúru

Leiðsögumenn eiga í meiri og nánari samskiptum við erlent ferðafólk en nokkur önnur stétt á Íslandi.

Hlutverk leiðsögumanna eru fjölbætt. Eitt þeirra er að tengja þær 2 milljónir gesta sem árlega koma til Íslands við náttúruna og hjálpa þeim að rækta samband sitt við hana; hjálpa þeim að endurbýggja hið nauðsynlega trúnaðarsamband á milli manns og náttúru, sem er svo greinilega brostið. Aðeins með því að endurreisa það samband verður hægt að stöðva hnignun og eyðileggingu forsendna lífs á jörðu og mannlegs samfélags eins og við þekkjum það.

Ég leyfi mér að fullyrða að leiðsögumenn geta gegnt lykilhlutverki í að gera ferðapjónustu sjálfbærari, með því að tengja viðskiptavinum við náttúrulegt og menningarlegt umhverfi og miðla, fylgjast með, og móta viðeigandi hegðun gesta í þessu umhverfi.

Í krafti reynslu sinnar og þekkingar verða leiðsögumenn að fá sæti við borðið þar sem stefna Íslands í þessum málaflokki er mótuð. Ísland getur ekki haldið áfram á sömu braut þar sem ferðamönnum fjölga stöðugt. Neikvæðu áhrif þeirrar stefnu eru augljós: Vaxandi kolefnisspor, of mikið álag á náttúru og samfélag, og neikvæð upplifun gesta sem því fylgir. Ég er viss um að leiðsögumenn almennt gera sér grein fyrir þessu og geta lagt mikið af mörkum til að beina þróun ferðapjónustunnar á braut sjálfbærni.





Náttúran er uppspretta gleði

Ég er ekki bara formaður Landverndar. Ég hef undanfarin ár einnig starfað sem leiðsögumaður. Ég hef upplifað og uppgötvað landið mitt aftur og aftur með því að fylgjast með hvernig augu og hjörtu gesta sem ég hef fylgt, hafa fyllst af gleði og undrun yfir fegurð gróðurs, hljómbýti frussandi fossa og margbreytileika landslagsins. Ég hef sem leiðsögumaður farið með ferðamenn inn á auðnir og gróðurvinjar hálendisins og fundið hvernig kyrrðin, víðsýnin, og birtan sem skín frá jöklunum fyllir hugi og hjörtu; skapar nýja tengingu við móður jörð.

Það fer enginn gestur ósnortinn heim aftur frá Íslandi. Geta gestir okkar, með hjálp leiðsögumanna, svo ég noti orð Páls Skúlasonar, losnað úr lausu lofti í tilverunni og nálgast jörðina, bæði dásemdir hennar og ógn?

Mikilvægasta hlutverkið

Höfum við leiðsögumenn, ég og þið, áttað okkur á þessu mikilvæga hlutverki, að tengja gestina við náttúruna? Sinnnum við þessu hlutverki nógu vel? Höfum við þekkingu og getu til að sinna því? Þetta eru áleitnar spurningar. Hvernig geta leiðsögumenn verið tryggir talsmenn sjálfbærni með því að stuðla að nánara og

betra sambandi á milli gesta og náttúru Íslands? Hvernig getum við leiðsögumenn verið umboðsmenn náttúruverndar og stuðlað að aukinni sjálfbærni í ferðapjónustu?

Ég læt þessum spurningum ósvarað. Ég veit að hver og einn hefur sín svör og sínar leiðir.

Ég óska afmælisbarninu til hamingju með daginn og allra heilla. Fyrir hönd stjórnar Landverndar þakka ég þann stuðning sem félagið hefur veitt Landvernd sem aðildarfélag undanfarna áratugi.

Gönguferðin þín er á utivist.is



Skoðaðu ferðir
á utivist.is



INNFLYTJENDUR, FERÐAÞJÓNUSTA, GRÓSKA OG HAGVÖXTUR



Íslenskt samfélag hefur á fáum árum tekið stórfelldum breytingum sem eiga sér engar hliðstæður í Íslandssögunni. Þetta eru samtvinnuáðar breytingar og eru í senn efnahagslegar, lýðfræðilegar og menningarlegar. Engir landsmenn hafa farið varhluta af þessum umbreytingum, allra síst leiðsögumenn enda eru þær samofnar starfi þeirra. Hér ber hæst veldisvöxtinn í aðstreymi erlendra ferðamanna til landsins ásamt gífurlegri aukningu erlendra starfsmanna sem komið hafa í þúsundatali inn á íslenskan vinnumarkað. Stór hluti þeirra hefur komið til starfa í ferðaþjónustu og tengdum greinum.


Frá árpúsundamótum til ársloka 2021 sjöfaldaðist hlutfall fyrstu og annarrar kynslóðar innflytjenda á Íslandi og voru þeir í árslok 2021 um 17% af heildaríbúafjölda landsins.

Á sama tíma óx ferðaþjónustan úr því að vera árs-tíðabundin atvinnugrein yfir í að verða stærsti og arðbærasti atvinnuvegur þjóðarþúsins, stærri en bæði ál- og fiskútflutningur sem lengst af sköpuðu þjóðarþúinu mestra gjaldeyristekna.

Til glöggvunar þá kom tæplega hálf milljón erlendra ferðamanna til landsins árið 2010, eða tæplega helmingi fleiri en íbúar landsins voru það árið. Eftir hraðfara stígandi sem náði hámarki árið 2018 töldust þeir ríflega 2,3 milljónir, sem samsvarar 6,5 erlendum ferðamönnum á hvert mannsbarn í landinu (mynd 1).

Óveruleg fækkun varð á komu ferðamanna árið 2019 – mest vegna gjaldþrots flugfélagsins WOW Air. Hin stórfelldu áhrif Covid-heimsfaraldursins á greinina, með tilheyrandi lokunum, uppsögnum og atvinnuleysi árin 2020 og 2021, voru með öllu ófyrirsjáanleg. Innflytjendur stóðu þar öðrum fremur berskjaldaðir. Þeir óvissutímar eru nú að baki og ljóst að ferðaþjónustan hefur tekið vel við sér og lítur fram til bjartari tíma.

Fjölgun innflytjenda innan ferðaþjónustunnar endurspeglast um alla greinina. Á veitingastöðum, hótelum, bílaleigum, meðal rútubílstjóra og leiðsögumanna er allsstaðar að finna aðflutt starfsfólk. Sumir eru nýkomnir en aðrir hafa búið á Íslandi um árabil.



Mynd 1
Fjölgun erlendra ferðamanna á Íslandi 2010-2021

Heimild:
Ferðamála-
stofa Íslands





Það sem var, það sem er og það sem verður

Höfundur þessarar greinar gerði rannsókn sem bar heitið *Innflytjendur í ferðaþjónustu – drifkraftur vaxtar og hagsældar* sem kom út í samnefndri skýrslu 2019¹. Í skýrslunni er að finna yfirlit yfir þróun innflytjendalandsins Íslands og þróun ferðaþjónustunnar, ásamt umfjöllun um stefnu og stefnuleysi innan greinarinnar. Þessi rannsókn er hér til umfjöllunar ásamt nýjustu tölum og upplýsingum úr greininni sem völ er á.

Nú á haustdögum 2022 er fimmta hver manneskja starfandi á íslenskum vinnumarkaði innflytjandi. Þegar rýnt er í ferðaþjónustuna sérstaklega breytist hlutfallið töluvert því þar eru rúmlega 40% allra starfandi af erlendum uppruna (Hagstofa Íslands 2Á 2022). Hafa verður í huga að ferðaþjónustan er ekki ein heildstæð atvinnu-

grein samkvæmt flokkun Hagstofu Íslands heldur fellur starfsfólk í ferðaþjónustu undir ýmsa starfsemi, m.a. ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur, samgöngur, veitingarekstur, gistiheimili/hótel og afþreyingu sem stíluð er á erlenda ferðamenn (baðstaðir, hestaferðir, jöklaferðir, hálendisferðir o.fl.). Líkt og mynd 2 sýnir glögglega hefur hlutfall erlendra starfsmanna í ferðaþjónustu farið stigvaxandi í takt við vöxt greinarinnar.

Innflytjendum mun halda áfram að fjölga á næstu árum gangi spár um mannaflapörf á vinnumarkaði eftir. Samtök atvinnulífsins reikna með að störfum muni fjölga um fimmtán þúsund á árunum 2022–25. Þar sem innlendu fólki á starfsaldri mun einungis fjölga um þrjú þúsund þarf að sækja 12 þúsund starfsmenn til annarra landa. Ef að líkum lætur mun stór hluti þessa fólks koma til starfa í ferðaþjónustu, en Ferðamálastofa spáir því að er-



Mynd 2 Heimamenn vs. innflytjendur starfandi í einkennandi greinum ferðaþjónustu 2010-2022

Heimild: Hagstofa Íslands

lendir ferðamenn geti árið 2025 orðið á bilinu 2,8 milljónir (lægsta spá) og 5,3 milljónir (hæsta spá).

Meginþorri innflytjenda á Íslandi er fólk frá löndum evrópska efnahagssvæðisins (EES/ESB), sama gildir um þá sem starfa í ferðaþjónustu. Ísland er hluti af vinnumarkaði EES og því þurfa aðeins þeir sem koma frá löndum utan þess svæðis að sækja um atvinnuleyfi hér á landi. Líklegast er að innflytjendur á komandi árum verði áfram flestir frá evrópska efnahagssvæðinu.

Í fyrrnefndri rannsókn var hlutdeild innflytjenda í þremur undirgreinum ferðaþjónustunnar kortlögð og greind. Til skoðunar voru hótél/gistiheimili, bílaleigur og ferðaskrifstofur/rútuþjónustur. Úrtak rannsóknar var ekki tæmandi en gefur samt nokkuð skýra mynd um uppruna starfsfólks í þessum undirgreinum, aldur, kyn og starfsaldur. Hér á eftir fara helstu niðurstöður rannsóknarinnar sem birt var vorið 2019. Hafa ber í huga að sumir þættir kunna að hafa breyst síðan þá.

Gullgrafaraæði, áhersla á arðsemi – mikilvægi starfsfólks vandfundið

Hinn mikla og hraða vöxt ferðaþjónustunnar á Íslandi mætti helst líkja við gullgrafaraæði. Auk þeirra þúsunda erlendra starfsmanna sem flust hafa til landsins til að vinna í ferðaþjónustu, þá hafa fjölmargir heimamenn líka söðlað yfir úr öðrum óskyldum starfsgreinum. Vaxtarverkir hafa fylgt þessari öru þróun og birtast víða. Að frátöldum óleystum ágreiningi meðal lærðra og leikra um einhvers konar gjalddöku af ferðamönnum er ljóst að ferðaþjónusta á Íslandi líður fyrir skort á samræmdri heildarstefnu. Málaflokkurinn er dreifður á milli ólíkra stofnana sem sumar hverjar hafa óskýr markmið eða eiga sér ekki lagalega stoð. Óeining og skortur á heildarstefnu hefur haft áhrif á stöðu starfsfólks innan greinarinnar, ekki síst innflytjenda.

Þrátt fyrir þá augljósu staðreynd að ferðaþjónustan verður ekki rekin nema með öflugum starfsfólki, og að fulltrúar Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) og Íslenska ferðaþjónustuklasans hafi haustið 2017 undirritað *Alþjóðlegar siðareglur*



fyrir ferðaþjónustuna sem fela m.a. í sér áherslu á að virða réttindi starfsfólks, þá leiddi rannsóknin í ljós að áhersla á mikilvægi starfsfólks er vandfundin í markmiðum sem greinin hefur sett sér. Ennfremur kom í ljós að áhersla á arðsemismarkmið greinarinnar virtist hafa forgang fram yfir aðbúnað og réttindi starfsfólks.


Menntunarkröfur ekki úrslitaatriði

Ferðaþjónustan er mannaflsfræk atvinnugrein og kallar einkum á ósérhæft starfsfólk, þótt vissulega séu gerðar kröfur um fagmenntun, t.d. við matreiðslu og framreiðslu, leiðsögn, hópferðaakstur og í fleiri undirgreinum. Slíkar kröfur eru þó ekki einhlítar. Menntunarkröfur eru ekki úrslitaatriði í ráðningu starfsfólks, og kunnátta í íslensku ekki heldur, og því er tiltölulega einfalt fyrir ósérhæfða erlenda starfsmenn að uppfylla starfsskilyrði. Ósérhæft starfsfólk lendir í neðstu þrepum launastigans í störfum sem bjóða að takmörkuðu leyti upp á starfsþróun.

Hótelin rekin af ungu erlendu starfsfólki

Upplýsingum var safnað á um 21 hótélum og gistiheimilum, sem skiptust til helminga milli höfuðborgar og landsbyggðar. Hlutfall innflytjenda á hótélum var 77% á landsvísu og þar af voru Pólverjar um helmingur. Sem dæmi störfuðu á einu hóteli í Reykjavík samtals 36 starfsmenn af 12 ólíkum þjóðernum (mynd 3).

Á landsbyggðinni mátti finna hótél þar sem allt starfsfólkið var erlent, en lægsta hlutfall þeirra var 64%. Innflytjendur er að finna í öllum störfum innan hótélanna en þó er hlutfallið lægra í efstu stjórnunarstöðum og lægst í bókhaldsstörfum. Meirihluti starfsfólks er ungt, líkt og það er á alþjóðavísu. Á landsvísu voru að meðaltali þrjú fjórðu starfsfólksins 35 ára og yngri og á landsbyggðarhótélunum enn fleiri yngri en 35 ára.



Mynd 3

Hótél í Reykjavík – 36 starfsmenn – uppruni þeirra

Heimild:

Mirra fræðslu- og rannsóknarsetur www.mirra.is

Kynjaskipting á hótélum var að meðaltali 60% konur og 40% karlar, sem er á pari við skýrslu Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar ILO. Konur sáu að mestu um öll þrif og kokkar voru flestir karlkyns. Í öðrum störfum – t.d. framreiðslu og móttöku – var kynjaskipting nokkuð jöfn. Athygli vakti að konur eru gjarnan í stjórnunarstöðum; hótélstjórar, aðstoðarhótélstjórar, deildarstjórar o.fl., og eru þá konur af erlendum uppruna meðtaldar.

Enskukunnátta forsenda starfsþróunar

Enska er ríkjandi samskiptamál í alþjóðlegri ferðaþjónustu og fyrsta samskiptamál milli gesta og starfsfólks. Hátt hlutfall erlends starfsfólks gerir ensku alls staðar að fyrsta samskiptamáli starfsfólks á hótélum, pólska er í öðru sæti og íslenska í þriðja. Hvergi er gerð krafa um íslenskukunnátta en krafa um ensku er gerð alls staðar, nema helst í þvottahúsi og þrifum.

Viðræður við starfsfólk sýndu að starfsþróun er afar algeng og getur fólk farið úr þrifum og unnið sig upp í móttöku, svo dæmi sé tekið, að því gefnu að það tali ensku. Þótt fæst starfsfólk hafi ensku að móðurmáli getur meirihlutinn bjargað sér á ensku, og sumir mjög vel. Fæstir höfðu farið á íslenskunámskeið og tækifæri til að tala íslensku á vinnustað voru takmörkuð. Í heimi hótela – og annarra vinnustaða í ferðaþjónustu – er enskan allsráðandi og tjáning á íslensku afar fátíð. Þetta vekur upp áleitnar spurningar um stöðu og framgangsmögu-leika þessa fólks utan starfssviðs hótela, og ennfremur um stöðu íslenskunnar sem fyrsta samskiptamáls í landinu.

Viðræður við rýnihópa á hótélum leiddu m.a. í ljós að tiltölulega flatur valdastrúktúr ríkir þar sem samskipti undir- og yfirmanna eru mjög vinsamleg og engir titlar notaðir, sem kom flestum þægilega á óvart. Aðbúnaður á vinnustaðnum var talinn góður og var erlenda starfsfólkið afar ánægt með að kynnst því hve réttarstaða starfsfólks á vinnumarkaði er vel tryggð, en slíkt var sjaldnast venjan í heimalöndum þeirra. Launakjör voru ekki rannsökuð en flestir töluðu um að þurfa að vinna mikið. Allir töluðu um erfiðar vaktir og að starfsmannavelta væri mikil, ekki síst vegna vakta- og vinnuálags. Tíð starfsmannaskipti voru líka nefnd í viðræðum við mannauðsstjóra hótela og gistiheimila.

Bílaleigur og rútufyrirtæki

Til skoðunar voru tíu bílaleigur. Rannsóknin leiddi í ljós að fjöldi bílaleiga fjórfaldaðist milli 2007 og 2017. Erlendir starfsmenn voru að meðaltali um 40% og íslenskir 60%. Karlar eru í miklum meirihluta og margar bílaleigur jafnframt með bíla- og

dekkjaverkstæði, sem jafnan eru hefðbundnir karlavinnustaðir. Yfir 70% allra starfsmanna er undir 35 ára aldri og langflestir höfðu unnið skemur en fimm ár. Algengt var að einungis erlendir karlar ynnu við bílaþrif, þótt konur væru þar líka. Fram kom að engir Íslendingar fást lengur í slík störf. Innflytjendur unnu á verkstæðum, bæði bifvéla-virkjar og ófagmenntaðir, við flotastjórn, ferjun, í afgreiðslu og við skrifstofustörf. Mörg starfanna kröfðust ensku en ekki íslenskukunnátta. Enska var iðulega fyrsta samskiptamál samstarfsfólks sem ekki deildi sama móðurmáli.

Meðal þeirra tíu rútufyrirtækja sem rannsökuð voru kom í ljós að fjöldi innflytjenda var allt frá engum að rúmum 40%. Meðaltalið var 21% erlendir starfsmenn á móti 79% íslenskum. Rútabílstjórar eru stór hluti þessara starfsmanna og því kom ekki á óvart að karlar voru á bilinu 70%–90% að innflytjendum meðtöldum. Erlendir starfsmenn unnu líka við afgreiðslu, leiðsögn, stjórnun, verkefna-stjórnun og sem ritarar. Meirihlutinn var eldri en 35 ára, og víða var allt að þriðjungur eldri en 56 ára.

Svört atvinnustarfsemi og undirboð – ljóður á greininni

Ævintýraleikum uppgangi og vexti í ferðaþjónustu hafa fylgt ýmsar skuggahlíðar sem varla höfðu sést fyrr á íslenskum vinnumarkaði. Upphaflega stóð ekki til að rannsaka sérstaklega undirboð, svarta atvinnustarfsemi, mismunun, mansal og annan slíkan ósóma sem þrífist hefur innan ferðaþjónustunnar, en ekki varð hjá því komist fjalla um þau mál vegna lítilla viðbragða sem þau hafa almennt fengið meðal ferðaþjónustuaðila og yfirvalda. Dauf viðbrögð vekja upp spurningar um félagslega ábyrga ferðaþjónustu, sem ferðaþjónustuaðilar hafa samþykkt.



Þrátt fyrir refsiverða hegðun rekstraraðila virðast lög og reglur ná skammt til að stöðva slíka starfsemi. Félagsleg undirboð halda áfram, m.a. í skjóli kennitöluflakks, og bitnar brotastarfsemin að mestu leyti á erlendu starfsfólki sem ólíklegt er að muni sækja rétt sinn sökum veikrar stöðu. Athygli vekur að það eru sérílagi stéttarfélögin, ásamt Alþýðusambandi Íslands, sem rekið hafa mál erlendra starfsmanna sem brotið hefur verið á. Kvartanir vegna undirboða, vangoldinna launa og annars misréttis á vinnumarkaði, einkum meðal innflytjenda, er meirihluti þeirra mála, sem stéttarfélögin sinna.

Stéttarfélagfulltrúar sem rætt var við voru allir sammála um að sú brotastarfsemi sem upp kemst sé einungis toppurinn á ísjakanum og bentu á að mjög miklar líkur væru á því að mansal sé oftast en ekki kyrfilega falið. Stjórnvöld hafa því miður brugðist seint og illa við þótt mál af þessum toga hafi verið afhjúpuð í fjölmiðlum hvað eftir annað. Ljóst er að hér verður að taka á málum af mun meiri festu og tryggja að réttur starfsfólks sé virtur, og að þeir sem uppvísir verða að slíkum brotum verði látnir sæta refsingu.

Áhersla á „þarfir vinnumarkaðarins“ – en vinnuafli er fólk

Rannsóknin sýndi fram á að alþjóðlegir fólksflutningar til Íslands einkennast mjög af áherslunni á „þarfir vinnumarkaðarins“ og hefur stefna yfirvalda einkennst af því að mæta aukinni vinnuafliþörf. Sú megináhersla sem er lögð á þarfir vinnumarkaðarins er í takt við hið vel þekkta en umdeilda fyrirbæri: „við þurftum vinnuafli en fengum fólk“, sem mikið hefur verið deilt á innan fólksflutningsfræðanna. Þá gleymist að þetta vinnuafli er fólk sem þarf að gera ráð fyrir í samfélagslegri stefnumótun, skóla-kerfi, heilbrigðis-kerfi, húsnæðismálum o.fl. sem snertir innviði samfélagsins.

Þrátt fyrir hið mikla innstreymi erlendra starfsmanna virðast ferðamálayfirvöld og stjórnvöld ekki gera ráð fyrir að slíkum breytingum fylgi neinar sérstakar áskoranir, sem annaðhvort opinber yfirvöld eða greinin sem slík þurfi að taka á. Sennilega er ekki eitt einhlítt svar við því hvers vegna þessu er svo háttað, en skortur á heildarsýn og stefnu í ferðamálum ásamt

mikilli áherslu á arðsemi rekstraraðila eru allt þættir sem veða þungt.

Hæpið er að sá mikli hagvöxtur sem ferðapjónustan og þjóðarbúið hafa notið góðs af á undanförunum árum hefði orðið að veruleika nema vegna framlags þeirra þúsunda erlendu starfsmanna sem sinna hinum fjölmörgu nýju störfum. Í ljósi þess og almennrar mannúðar ber pólitískum yfirvöldum og öðrum ráðamönnum innan ferðapjónustunnar skylda til að sjá til þess að erlendu starfsfólki sé boðin mannsæmandi kjör og aðstæður í því landi sem það hefur kosið að helga starfskrafta sína.

¹Skýrslan er aðgengileg á www.mirra.is undir flípanum rannsóknir.

Heimildir:

- Ferðamálastofa Íslands (2022). *Spálíkan um ferðapjónustu – Áfangaskýrsla: Mat á spájöfnum*. Sótt 27. September 2022.
- Ferðamálastofa Íslands (2017). *Alþjóðlegar siðareglur fyrir ferðapjónustu*.
- Hallfríður Þórarinsdóttir. (2019). *Innflytjendur í ferðapjónustu – drifkraftur vaxtar og hagsældar. Umbreytingar á íslenskum vinnumarkaði*. Reykjavík: Mirra.
- International Labor Office (2017). *ILO Guidelines on Decent Work and Socially Responsible Tourism*. International Labor Organization, Genf nóvember.
- Samtök atvinnulífsins. (2022). *Viðvarandi skortur á vinnuafli til framtíðar* (26. janúar). Sótt 28. September 2022.



Komdu með gestina þína í fræðandi og orkuríkt stopp á leiðinni inn á Suðurlandið

on
OFKA NATTURUNNA
JARÐHITA
SÝNING

www.jardhitasyning.is | syning@or.is | 591-2880

Harpa Björnsdóttir

VELGJÖRÐARMÆÐUR



Pað er óhætt að kalla Guðmund Elíasson einstakan velgjörðarmann leiðsögumanna. Í ríflega þrjátíu ár hefur hann tekið frábærliga vel á móti leiðsögumönnum og bílstjórum og er orðinn hálfgerð goðsögn innan ferðabjónustunnar.

Það var um áramótin 1987–1988 að Guðmundur tók við rekstri Víkurskála. Þeir Þórir Kjartansson, annar velgjörðarmaður leiðsögumanna, voru þarna hlið við hlið, Þórir með Víkurþrjón og Guðmundur með veitingaskálann. Það leið ekki á löngu áður en þeir félagar tóku að gera vel við leiðsögumenn og bílstjóra og það spurðist út að Guðmundur byði upp á fríar veitingar en Þórir gæfi sokka. Auk þess að njóta veitinga í Víkurskála þá áttu leiðsögumenn og bílstjórar líka rólegt afdrep í kaffistofunni hjá Víkurþrjóni, sem gat komið sér vel þegar of mikið var um að vera í skálanum. Til að finna þetta afdrep þurfti að ganga í gegnum lager og verkstæði þrjónastofunnar, sem var mjög sérstakt og manni fannst maður vera umvafinn notalegri og ullarmjúkri voð velvildar. Ekki var verra ef Þórir hafði tíma til að setjast niður og spjalla. Eftir hvíld og kaffi kvaddi maður glaður í bragði, saddur og með hlýja sokka í höndum.

Þetta viðhorf ykkar Þóris var óvenjulegt á þessum tíma, hvaðan kom þessi hugmynd?

„Ja, maður er nú alinn upp í sveit og vandist því að sýna gestrisni. Faðir minn tók alltaf vel á móti fólki, einkum ef það kom um langan veg. Ég fæddist og ólst upp í Pétursey II, rétt vestan við Vík, en það verður að segjast eins og er að ég var ekki mikill bóndi, hafði engan áhuga á því. En ég hef alltaf haft brennandi áhuga á ferðabjónustu, verslun og slíku. Enginn í minni fjölskyldu hafði þó fengist við slíkt og enginn hafði áhrif á mig í þessum efnum. En við Þórir áttuðum okkur fljótt á því að leiðsögumenn og bílstjórar voru þeir sem komu með viðskiptavinum til okkar. Þeir voru dýrmætir gestir.“

Fannst þér skipta máli hvort leiðsögumenn komu með fleiri eða færri ferðamenn?

„Nei, ég er nú þeirrar skoðunar að fjöldinn skipti ekki máli, einn daginn gátu þeir komið með stóran hóp og annan dag lítinn, það þýddi ekkert að vera að flokka það neitt.“

Þú hefur unnið mjög lengi fyrir N1?

„Já, ég hef unnið fyrir þetta sama fyrirtæki í 30-40 ár og þar hefur engan skugga borið á. Í Vík varð ég umboðsmaður N1 (áður Esso) og skömmu eftir að ég tók við Víkurskála tók ég við rekstri Skaftárskála. Frá 1996 sá ég líka um söluskálann á Hvolsvelli, Fossnesti á Selfossi og stöðina í Hveragerði. En árið 2007 fluttist ég og Ólafía Ingólfssdóttir kona mín á Selfoss og Elías sonur minn tók við skálanum í Vík. En í staðinn tók ég að sinna kaffistofunni á Hvolsvelli af krafti og þar byrjaði ég með pönnsurnar en Lóa gerði dýrindis kjötsúpu. Árið 2019 létum við hjónin svo formlega af störfum fyrir N1, en ég gat ekki slitið mig alveg frá þessu. Skemmtilegasti hluti starfsins hefur alltaf verið samskiptin við leiðsögumenn og bílstjóra og ég átti erfitt með að kveðja þann hluta. Ég fer í Borgarnes einu sinni í viku og kem á Hlíðarenda á hverjum morgni, fylgist með kaffistofunni, hitti marga sem eru á ferðinni og fæ mér kaffi og spjalla. Þetta er náttúrulega mitt fólk!“

Leiðsögn, félag leiðsögumanna, vill koma á framfæri innilegu þakklæti til velgjörðarmannsins hógværa sem hefur í ríflega þrjátíu ár sýnt þeim sitt hlýja hjartalag. Leiðsögumönnum þykir eftirsóknarvert að koma þar sem þeir skynja að þeir eru velkomnir og þannig er það hjá Guðmundi, hvort sem er á Hvolsvelli eða í Borgarnesi. En best er ef maður er svo heppinn að hitta Guðmund sjálfan í kaffistofunni þar sem hann situr í rósemd með pínulítinn prakkarasvip á andlitinu og ræða við hann dægurmálin, rétt á meðan maður hámar í sig 1-2 pönnsur og brauð með eggjum. Eftir slíka heimsókn er eins og hafi birt yfir deginum öllum. Takk Guðmundur Elíasson fyrir allar velgjörðirnar!



Ljósmynd: Petra Albrecht

FYRSTI VARAFORMAÐURINN

Harpa Björnsdóttir heimsótti Jón Þ. Þór, sagnfræðing, og spurði hann um fyrstu árin sem hann starfaði við leiðsögn og um stofnun félagsins 1972, en Jón var fyrsti varaformaður félagsins.

Hvernig stóð á því að þú fórst að starfa við leiðsögn?

„Ég kom ungur maður frá Akureyri til að stunda nám í sagnfræði við Háskóla Íslands og kynntist þessu þá. Hvernig það gerðist er ef til vill dæmigert fyrir þessa tíma, því ekki hafði ég hugmynd um neitt er sneri að ferðapjónustu. Sumarið 1966 vann ég í afleysingum sem næturvörður á hóteli. Svo er það einhvern morguninn þegar ég er að klára vakt að þangað kemur Steinn Lárusson, sem rak ferðaskrifstofuna *Lönd og leiðir*, og annar maður með honum, en þá hafði ég oft hitt þegar þeir voru að sækja eða koma með fólk, í og úr flugi. Í þetta skipti bráðvantaði þá leiðsögumann fyrir þýsk ungmenni af skólaskipi sem áttu að fara í ferð á Þingvöll, Gullfoss og Geysi. Og Steinn spyr: „Talar þú ekki þýsku?“ Ég kunní nú ekki annað en mína menntaskólaþýsku, en þeir þrúbáðu mig um að fara með hópinn og buðu mér 1500 krónur í laun, sem var góður peningur í þá daga, svo ég ákvað að slá til.“

Og hvernig gekk?

„Við vorum nú ansi mikil græningjar, ég og bílstjórinn, sem líka var ungur maður að norðan og vann sem rútubílstjóri hjá Guðmundi Jónassyni. Við vissum ekkert hvaða leið við ættum að fara og þurftum að kaupa okkur kort í fyrsta stoppinu í Hveragerði til að rata! Veðrið var svo þannig að það var ekkert að sjá! Af því að ég hafði stundað nám í sagnfræði þá gat ég bjargað mér nokkuð vel á Þingvöllum og í Skálholti, og síðan þurfti ég ekki að segja frá eins miklu við Gullfoss og Geysi, þar sá náttúran um upplifunina og áhrifin. Þetta gekk það vel að eftir

nokkra daga hringdu þeir aftur frá ferðaskrifstofunni og báðu mig um að taka aðra ferð, en sú var á ensku og með hermenn af Keflavíkurflugvelli. Þeir fóru skildist mér í svona hópferð einu sinni á ári, vildu kynna sér land og þjóð.“

Frá hvaða löndum komu ferðamennirnir helst?

„Það var mest um Breta, Ástrala, Ný-Sjálendinga, Þjóðverja og Frakka. Bandaríkjamönnum fór líka fjölgandi, en ekki var mikið um Norðurlandabúa, ætli þeir hafi ekki leitað frekar suður á bóginn.“

Hverjir voru að starfa við leiðsögn á þessum árum?

„Þetta var nú fyrst og fremst sumarvinna þarna í byrjun og þeir unnu við þetta sem áttu löng sumarfrí, t.d. háskólastúdentar eins og ég. Eins tóku margir ferð og ferð meðfram föstu starfi sem þeir gegndu, t.d. voru margir kennarar í þessu á sumrin til að drýgja tekjurnar.“



Sumir tóku eingöngu dagsferðir með farþega skemmtiferðaskipa á meðan aðrir fóru hringferðir. Eða þann hring sem var hægt að fara þá, að Egilsstöðum eða Höfn og svo aftur til baka, því hringvegurinn var ekki endanlega kominn, jökulsárnar í Skaftafellssýslum enn óbrúaðar. Þessar hringferðir voru hugsaðir fyrir erlenda ferðamenn, voru aldrei auglýstar á Íslandi og ekki man ég eftir að Íslendingar hafi komið í þær. Þeir Guðmundur Jónasson og Úlfar Jacobsen skipulögðu svo hálendisferðir jafnt fyrir Íslendinga og útlendinga.

Þetta var mjög skemmtilegt fyrstu árin, þú getur ímyndað þér fyrir ungan, einhleypan strák eins og mig, maður var eins og landkönnuður að prófa nýja áfangastaði, nýja gististaði. Og í sumarlok átti maður tekjurnar sínar nær óskertar. Þetta var ekki ósvipað því að fara á vertíð.

Hvernig var umhverfið í ferðaþjónustu á þessum tíma?

„Ferðaskrifstofa Zoega var elsta einkarekna ferðaskrifstofan, stofnuð fyrir aldamótin 1900 og var umboðsaðili fyrir bresku ferðaskrifstofuna *Thomas Cook*. Þeir sinntu aðallega Bretum, auk Ástrala og Ný-Sjálendinga, og tók ég nokkrar „hringferðir“ fyrir Zoega næstu árin. Svo var auðvitað *Ferðaskrifstofa ríkisins*, sem var aðalferðaskrifstofan á landinu og hafði verið við lýði frá því um miðja öldina, sá um markaðssetningu Íslands sem ferðamannalands. Þar var Vigdís Finnbogadóttir aðalsprautan, hún sá um námskeið fyrir leiðsögumenn, markaðs- og kynningarmál og skipulagði ferðir, og sagt var að hún væri hægri hönd Þorleifs Þorleifssonar forstjóra ferðaskrifstofunnar. En það voru fleiri ferðaskrifstofur starfandi, m.a. *Saga*, *Sunna*, *Landsýn* og *Útsýn*, og svo *Lönd og leiðir* sem ég hafði nú hafið störf fyrir, og hélt því áfram næsta sumar.

Ferðaskrifstofan *Lönd og leiðir* bauð upp á svokallaðar „stop-over“ útsýnisferðir í samstarfi við Loftleiðir, fyrir farþega sem flugu milli Ameríku og Evrópu. Tilboðið hljóðaði upp á að millilenda hér á landi í 1-2 daga, gista á Hótel Loftleiðum og fara í skipulagðar dagsferðir.“

Geturðu lýst þessum dagsferðum?

„Það fór eftir lengd dvalarinnar hvaða ferðir voru í boði. Í eins dags dvöl var boðið upp á bæjarferð, oftast að morgni. Ferðin byrjaði í Öskjuhlíð með útsýni yfir borgina, svo var haldið í Árbæjarsafn. Á bakaleiðinni var ekið í gegnum Laugaráshverfið og stoppað hjá Sundlaugunum í Laugardal. Þaðan héldum við til Ásmundar Sveinssonar, myndhöggvara, sem tók á móti ferðamönnum af mikilli gestrisni og sýndi fólkinu allt sitt verk. Ég kynntist Ásmundi nokkuð vel í gegnum þetta og hafði gaman af að spjalla við hann, auk þess kunni ég vel að meta list hans. Ásmundur talaði bara íslensku við ferðafólkið og þurfti ég að túlka. Hann sagðist ekkert kunna í ensku og þýsku og væri eiginlega búinn að gleyma dönskunni, en það held ég nú að hafi ekki verið satt. Eftir Ásmundarsafn var ekið í gegnum miðbæinn og vestur á Granda, þaðan á háskóla-svæðið og endað með heimsókn á Þjóðminjasafnið. Þar með var dagsferðinni um Reykjavík lokið og við skutluðum fólkinu aftur á hótelið. Ef fólk vildi meira var boðið upp á ferð í Krísuvík eftir hádegjið og þá komið við á Bessastöðum.

Ef fólk dvaldi í tvo daga var hægt að bjóða upp á Gullhring daginn eftir. Á veturna var ekki hægt að fara Gullhring en í staðinn boðið upp á eftirmiðdagsferð í Hveragerði. Þá var farið upp að Grýtu og sett sápa í hverinn svo hann gysi. Einnig heimsóttum við gróðurhúsin hjá Paul V. Mikaelson og Braga Einarsyni í Eden, en alltaf endað hjá „Siggu gömlu“ í Hótel

The logo for Teitur, featuring the word "TEITUR" in a bold, green, sans-serif font. The letters are slightly shadowed and set against a white background. A thick, orange swoosh underline curves under the text from the left and right sides.

Starfsfólk Teits óskar leiðsögumönnum innilega til hamingju með stórafmælið og þakkar áralangt og farsælt samstarf



Hveragerði, sem bauð upp á nýbakaðar rjóma-pönnukökur. Hótel Hveragerði var rekið um langt árabil af Sigríði Björnsdóttur og Eiríki Bjarnasyni og var bæði hótel, bíó og félagsmiðstöð Hvergerðinga, og þangað sóttu Reykvíkingar líka sveitaböll.“

Buðu ekki fleiri ferðaskrifstofur upp á svona ferðir?
„Eingöngu Lönd og leiðir bauð upp á þessar „stop-over“ ferðir í samstarfi við Loftleiðir. En svo gerist það haustið 1967 að ferðaskrifstofan fór á hausinn og við urðum bara lausráðnir starfsmenn Loftleiða í þessum ferðum. Það blasti við að einhver annar þurfti að taka við þessu. Við vorum fjórir leiðsögumenn sem höfðum mikið sinnt þessum ferðum, fyrir utan mig var það Kristján Jónsson sem hafði verið eins konar yfirlingur, Kristján Arngrímsson og Kjartan Lárusson, bróðir Steins sem áður er nefndur. Uppúr þessu eru *Kynniferðir* stofnaðar árið 1968, eitt elsta ferðaþjónustufyrirtæki landsins, og unnu margir leiðsögumenn fyrir það.“

Dú ert einn helsti hvatamaðurinn að stofnun Félags leiðsögumanna og fyrsti varaformaður þess. Manstu hvað varð til þess að talið var nauðsynlegt að stofna samtök leiðsögumanna?

„Já, ég man vel eftir stofnun félagsins. Við Bjarni Bjarnason og Katrín Árnadóttir höfðum forystu um þetta mál og reyndum að ná í sem flest fólk sem var að vinna við leiðsögn. Vinnan hafði verið að aukast og þar af leiðandi líka eftirspurn eftir leiðsögumönnum. En þrátt fyrir næga vinnu þá upplifði fólk sig alveg réttindalaust og má segja að hvatinn hafi frekar verið vegna réttindaleysis en launanna þarna í upphafi. Við höfðum engin lífeyrisréttindi, engar sjúkraeða slysatryggingar ef eitthvað bæri út af í ferð. Atvinnuöryggið var ekkert, allir voru lausráðnir eða ferðaráðnir. Það var greitt jafnaðarkaup og var fast verð fyrir bæjarferð, annað fast verð fyrir Gullhring, og samið við hvern og einn. Þarna upp úr 1970 var orðið nær ófrávíkjanleg regla að hvar sem 2 - 3 leiðsögumenn hittust yfir kaffibolla þá var rætt um þessi mál og augljóst að það var tímabært að stofna samtök. Og við blésum til stofnfundar þann 6. júní 1972 á Hótel Loftleiðum.

Vorið 1973 náðum við Bjarni svo fyrsta kjarasamningnum við ferðaskrifstofurnar. Það var

samið um dagskaup og gildi það allt sumarið. Um haustið 1973 tók Birna G. Bjarnleifsdóttir við for-mennskunni í félaginu, hún var forkur til allrar vinnu og þar sem hún var ekki í öðru föstu starfi þá gat hún gefið sig óskipta í þetta.

Nokkru eftir að félagið var stofnað voru sett skil-yrði um inngöngu í það. Fólk varð að hafa lokið leiðsögumannsnámskeiði til að fá réttindi sem leiðsögumaður og skjöldinn góða. Margir höfðu tekið námskeiðin hennar Vigdísar hjá Ferðaskrifstofu ríkisins, en margir lærðu bara starfið af sjálfum sér.“

Jón vann við leiðsögn fram til 1976-77, þá var hann kominn með fjölskyldu og börn og það var ekki fjölskylduvænt að vera svona mikið frá heim-ílinu. En Jón kenndi síðan lengi á námskeiðunum sem voru haldin fyrir leiðsögumenn á vegum Ferðamálaráðs og Leiðsöguskólans. Þar kenndi líka Björn Þorsteinsson sagnfræðingur, en eitt sinn þegar þeir félagar vildu kanna aðild sína að Félagi leiðsögumanna, var þeim tjáð að þeir fengju ekki inngöngu þar sem þeir hefðu ekki tekið leiðsögumannanám-skeiðið sem þeir kenndu á!

Þegar Jón er spurður hvernig honum líttist á hina miklu fjölgun ferðamanna síðustu ár þá telur hann að komið sé að þölmörkum. Í upphafi var enginn að velta fyrir sér umhverfisvernd, segir hann, enda var ágangurinn ekki svo mikill að fólk teldi neinn skaða af. En nú þurfum við að fara að hugsa okkar gang.



Leiðsöguskólinn sendir fyrrverandi nemendum og öðrum félögum Leiðsagnar heillaóskir í tilefni hálftrar aldar afmæli félagsins.

Um 1500 leiðsögumenn hafa útskrifast frá Leiðsöguskólanum frá stofnun árið 1976.



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Leiðsöguskólinn

Leiðsöguskólinn
Digralesvegi 51
200 Kópavogur
Sími: 594 4025
Netfang: lsk@lsk.is



16.290 KR.

Primaloft® jakki fyrir konur
Vatnsfráhrindandi, ofurléttur, pakkast í innri vasa



14.290 KR.

4F NEODRY
MEMBRANE

Léttur skeljakki fyrir konur 10.000 mm
Vatnsheldur, vindheldur og með öndun



14.290 KR.

Léttur skeljakki fyrir karla 10.000 mm
Vatnsheldur, vindheldur og með öndun



48.690 KR.

4F NEODRY
MEMBRANE

Skíðaúlpa Dermizax 20.000 fyrir karla
Létt með vindstoppi og vatnsheldu Neo Dry
lífíðarlagi. Þægileg og mjúk fyrir vetrarsportið



16.290 KR.

Primaloft® jakki fyrir karla
Vatnsfráhrindandi, ofurléttur, pakkast í innri vasa

GOTT VERÐ PLÚS GÆÐI

4F er eitt mest vaxandi vörumerki í útivistar- og sportfatnaði í Evrópu. Það eru tvær ástæður fyrir þessum mikla vexti. Í fyrsta lagi eru vörur 4F í háum gæðaflokki og nýjasta tækni nýtt við hönnun og framleiðslu, t.d. hvað varðar öndun, teygjanleika og vörn gegn vatni og vindum. Í öðru lagi er verð mun lægra en áður hefur þekkst fyrir sambærilegar vörur. [Sjðu vöruúrvalið á 4fstore.is](http://Sjðu_vöruúrvalið_á_4fstore.is)



22.890 KR.

4F NEODRY
MEMBRANE

Karla gönguskór Ice Cracker
Gönguskór með Vibram sóla og Neo Dry vatnsvörn



22.490 KR.

4F NEODRY
MEMBRANE

Gönguskór úr leðri
Góður ökklastuðningur, 3M Thinsulate™
einangrun og Neo Dry vatnsvörn



7.590 KR.

Göngu- og útivistarboxur fyrir konur
Mjög léttar, teygjanlegar, vindheldar og sterkar

4F SMÁRALIND



14.990 KR.

Primaloft® útivistarjakki fyrir karla
Vatnsfráhrindandi, ofurléttur, pakkast í innri vasa



6.890 KR.

Hlýr bolur
fyrir karla
Saumlaus
„thermoactive“
undirfatnaður

4F Skin

4.790 KR.

Hljár boxur fyrir karla
Saumlaus „thermoactive“ undirfatnaður

8.190 KR.

Hlýr bolur
fyrir konur
Saumlaus
„thermoactive“
undirfatnaður



4F Skin

4.890 KR.

Hljár boxur fyrir konur
Saumlaus „thermoactive“ undirfatnaður



3.090 KR.

Vetrarhúfa fyrir konur
Þægileg húfa fyrir veturinn úr akríl- og ullarblöndu



2.690 KR.

Skíðasokkar fyrir konur
Hjýr, sterkir og með góðri teygju



10.390 KR.

Göngupoki
28 l, stillanlegur með mjaðma- og bringuólum



16.490 KR.

Primaloft® útivistarjakki fyrir karla
Vatnsfráhrindandi, ofurléttur, pakkast í innri vasa

VATNSBERINN

Byggt á texta í sýningarskrá sýningarinnar
FJALL + KONA í Ásmundarsafni 2015.



Höggmynd Ásmundar er í dag velþekkt kennileiti í miðbæ Reykjavíkur, en lítum aðeins á söguna á bak við þetta listaverk.

Árið 2015 var efnt til sýningar á vegum Listasafns Reykjavíkur í Ásmundarsafni til að minnst þess að 100 ár voru liðin frá því konur fengu kosningarétt til Alþingis. Þegar íslenskar konur ákváðu að halda Kvennafrídag þann 24. október árið 1975, gáfu þær út veggspjald í tilefni dagsins og völdu sem sitt tákn höggmynd Ásmundar Sveinssonar, *Vatnsberann* (1937). Töldu forsvarskonur Kvennafrídagins verkið sérstaklega táknrænt fyrir sögu og baráttu kvenna.

Vatnsberarnir í Reykjavík voru ein lægsta stétt fólks í mannvirðingum á sínum tíma. Um vatnsburðinn sáu bæði konur og karlar, þó heldur fleiri konur. Þrátt fyrir að starf vatnsberanna væri eitt hið minnst metna og lægst launaðasta í Reykjavík mun það hafa verið eina starfið þar sem jafnrétti ríkti í launamálum, það var greidd ákveðin upphæð fyrir hverja fötu. Stétt vatnsbera var áberandi í götumynd Reykjavíkur á 19. öld og meðal vatnsbera margir sérstæðir persónuleikar, en við lagningu vatnsveitunnar 1909 hvarf hún smám saman af sjónarsviðinu.

Ásmundur gerði höggmyndina *Vatnsberann* til að heiðra minningu vatnsberanna, fyrst og fremst þeirra sem hann minntist frá æsku sinni á Kolstöðum í Dölum. Sagði hann *Vatnsberann* eiga rætur í minningu um hoknar vinnukonur sem ruku út í bylinn og komu aftur með kærkomið vatn í skjólunum, sjálfar gaddaðar. Einnig minningum um vinnulúíð fólk sem fylgdu honum alla tíð og veittu honum innblástur. Vildi hann með einfölduðum formum höggmyndarinnar sýna átak hins vinnandi manns og hinnar vinnandi konu, túlka styrk þeirra og seiglu. „Ég myndi aldrei gera mynd af verkafólki, þar sem hægt væri að sjá meðaumkun. Þetta fólk á annað skilið.“

Ásmundi fannst hreyfingin og vinnan gera fólk fallegt og sagði verðmætin koma úr hversdagsleikanum. Þau eru ófá verkin sem hann hefur gert af vinnandi fólki og hversdagslegum athöfnum, eins og konum að strokka smjör, mala kaffi, skúra gólf og þvo þvott og körlum sem moka, hamra járn eða gå til veðurs.

Ásmundur hafði við gerð *Vatnsberans* tröllslega fjallamyndun Íslands í huga og sagði að í *Vatnsberanum* byggi fjall, eins konar verndari. Hann hafði líka orð á því að konur væru í huga sér eins og verndarar, ekki síst verndarar menningar. Í gegnum aldir hefðu þær varðveitt þjóðsögur, kvæði, sagnir og söngva og sagt forkunnarvel frá, enda hefðu þjóðsagnasafnarar leitað óspart í smiðju til þeirra. „Sögurnar hafa mótað okkur, en ekki síður landið og tíðarfarið – baráttan við náttúruöflin. Við höfum ævinlega verið að leitast við að vera menn við aðstæður sem voru næstum ofvaxnar mannglegum kröftum.“

Ásmundur vildi helst hafa höggmyndir úti, í gördum, á torgum, úti á víðavangi, þar gætu allir séð þær og þannig myndi listin grípa inn í daglega lífið. Þann 17. júní 1948 var stofnað Fegrunarfélag Reykjavíkur í því markmiði að fegra borgina með ýmsum hætti, m.a. höggmyndum á almannafæri. Var þetta sjálfstætt starfandi félag og formaður var þáverandi borgarstjóri, Gunnar Thoroddsen, en Ragnar Jónsson í Smára hafði mikil áhrif innan þess. Hóf Fegrunarfélagið starfsemi sína með því að kaupa *Vatnsbera* Ásmundar og átti að setja hann upp á mótum Bankastrætis og Lækjargötu, þar sem einn af vatnspóstunum hafði staðið, og útbúa skrudgarð meðfram. Risu af kaupunum og þessari ákvörðun miklir úfar með mönnum, og þó deilurnar snerust að nafninu til um fagurfræði höggmyndarinnar og listastefnur samtímans voru flokkspólítískar væringar líka í spilinu sem of langt mál er að rekja.

Fremstur í flokki andstæðinga þess að *Vatnsberinn* yrði settur upp í miðbænum var Jónas Jónsson frá Hriflu, en aðrir beittu sér líka og rituðu greinar í blöð til að mótmæla uppsetningu hans. Höfðu þessi skrif örugglega mótandi áhrif á almenningsálitið. Að sjálfsgöðu reis málsmetandi fólk upp til varnar, þeirra á meðal Björn Th. Björnsson listfræðingur, en andstæðingarnir afgreiddu hann með því að kalla hann bolsévikka sem ekkert vissi þrátt fyrir langt nám. Vel metnir rithöfundar og listamenn tóku einnig upp hanskan fyrir Ásmund og *Vatnsberann* og rituðu greinar í blöð gegn því sem þeir töldu stöðnuð fegurðarviðmið og forpökun gagnvart nýjum straumum í listum. Á móti voru þeir kallaðir klessulistamenn, klessuskáld og dúllarar.

Menn spöruðu ekki stóru orðin, heldur ekki í lýsingum sínum á *Vatnsberanum*, töluðu um „vatnskerlinguna“ og þótti hún vera líkari skrímsli með selshaus en manneskju, of herðasigin, læradigur og langt í frá nógu lagleg. Erfitt er að sjá af þessum deilum hvað menn hefðu viljað sjá í staðinn í minningu vatnsbera, kannski kinnarjóða, brosandir og hnarreista verkakonu í anda sovéska raunsæisins, þó allt sem kæmi úr þeirri blóðrauðu austurátt væri annars fordæmt sem argasti bolsévismi, líka í listum.

Deilurnar mögnuðust og undir lokin var andstæðingum *Vatnsberans* orðið svo heitt í hamsi að þeir hótuðu að ganga á höggmyndina með sleggjum og mölva hana ef hún yrði sett upp í miðbænum. Eftir þó nokkra leynd um endanlega staðsetningu var *Vatnsberinn* að lokum afhjúpaður í garði Ásmundar sjálfs við Sigtún þann 17. ágúst 1954, var það kyrrlát athöfn og fáir viðstaddir og ekki sungin ættjarðarlög. Daginn eftir, á afmælisdegi Reykjavíkurborgar, var afhjúpuð önnur höggmynd í miðbæ Reykjavíkur, *Skúli fógeti* eftir Guðmund Einarsson frá Miðdal, gjöf frá verslunarmönnum til að minnast aldarafmælis verslunarfrelsis. Fór sú athöfn fram með ræðuhöldum og lúðraþyt og ekki heyrðist orð um að Skúli Magnússon væri klunnalegur eða of digur.

Ásmundur sjálfur tók þessu af stökustu ró, en þó má reikna með því að honum hafi sárnað skilningsleysið og offorsið, enda hefur ekkert íslenskt listaverk mætt svo langvinnu og hatrömmum mótbyr. Kvaðst hann þó hreint ekki hafa neitt á móti því að umræður sköpuðust um listir og „ekkert væri verra en lognið“ í þeim efnum.

Löngu seinna var *Vatnsberinn* settur upp á Veðurstofuhæðinni í nágrenni við Öskjuhlíð, langt frá al-



 stöndum saman
24. október

faraleið og þar sem afar fáir komu auga á hann. En árið 2011 var höggmyndinni loks komið fyrir við Bakarabrekkuna á mótum Lækjargötu og Bankastrætis, þar sem henni var upphaflega hugsaður staður. Þar stendur hún, vatnskerlingin, sterklega vaxin og um það bil að lyfta upp níðþungum fötunum. Hún minnir okkur á harðneskjuleg kjör fyrri kynslóða en nú er líkamlega erfiðið horfið, vatnið streymir inn í húsin. Í dag myndi engum detta í hug að ganga á þetta fallega listaverk með sleggjum.

Í dag virka þessar deilur óskiljanlegar og hlægi- legar og maður getur ekki annað en undrast að listaverk hafi gert mönnum svona heitt í hamsi. Það er vel þess virði að rifja þetta upp, lærdómurinn er að stjórnámálamönnum getur orðið hált á því að reyna að stjórna listastefnum og fagurfræðilegu mati. Um leið er það vitnisburður um að listin hefur áhrif og hreyfir við fólki, eða eins og Ásmundur sagði: „Við þurfum á list að halda sem ber í bakið á okkur. Ýtir við okkur. Þegar karlar og konur koma á sýningar og segja: „Ó, hvað þetta er fallet!“ þá gerist ekkert. En ef fólk segir: „Hver andskotinn er nú þetta?“ þá gerist eitthvað.“

Tímarnir breytast og mennirnir með, en listin er söm og lætur ekki að sér hæða.



LITIÐ UM ÖXL

Það er fróðlegt að líta aðeins um öxl í tilefni þessara tímamóta hjá Leiðsögn –félagi leiðsögumanna, bæði til upphafsárs félagsins 1972, og ekki síður til upphafs reglulegrar ferðamennsku hér á landi, sem spannar nokkur hundruð ár. Er þá ekki verið að tala um ferðir vikinga frá Noregi og öðrum löndum eða landnámsmennina okkar, sem kannski mætti kalla fyrstu ferðamennina, því þeir voru jú að leita fyrir sér að öðrum löndum og skoða sig um í heiminum.

Ýmislegt misjafnt skrifað um landið

Gríski landkönnuðurinn Pýþeas getur þess í bók sinni *On the Ocean* að eftir sex daga siglingu fyrir norðan Bretlandseyjar hafi hann komið að landinu Thule. Þetta var ritað á fjórðu öld fyrir Krists burð en menn eru ekki ásáttir um hvort landið hafi verið Orkneyjar, Noregur eða Ísland. Sumir telja reyndar að Pýþeas hafi aldrei komið til Thule heldur aðeins verið sagt frá því. Þetta er allt hulið móðu því bókin sem um ræðir er glötuð, og við höldum okkur við það að Garðar Svavarsson og Hrafna-Flóki hafi komi hingað á undan landnámsmanninum Ingólfi Arnarsyni. Paparnir og hin keltneski arfur er svo heill heimur út af fyrir sig sem ekki verður heldur farið nánar út í hér.

Langt fram eftir öldum ríkti feikna vanþekking á Íslandi og Íslendingum meðal Evrópubúa. Bækur voru skrifaðar um Ísland sem þóttu villandi og jafnvel grunur um að höfundar hefðu aldrei komið til landsins, þ.á.m. Ditmar Blefken sem reit bók á latínu og gaf út í Hollandi 1607. Blefken skrifaði um náttúru landsins, ís, jarðhita og jarðelda, og tindi auk þess upp alls kyns óhróður um land og þjóð, svo sem að Íslendingar þvæðu sér upp úr hlandi og íslenskar stúlkur væru lauslátar. Þegar séra Arngrímur lærði Jónsson las bók Blefkens hóf hann

þegar varnar-skrif. Rit hans var líka á latínu og nefndist *Anatomi Blefken* (Blefken krufinn), var það fyrst gefið út á Hólum 1612 og árið eftir í Hamborg. En áður hafði Arngrímur ritað bókina *Crymogæa* (1609) til að leiðrétta hvimleiðar hugmyndir útlendinga um Ísland.

Fyrstu ferðamennirnir komu á 17. öld

Talið er að fyrstu raunverulegu erlendu ferðamennirnir hafi komið hingað til lands árið 1613 þegar hingað lagði leið sína tékkneski prestssonurinn Daniel Vetter ásamt föruneysi. Þeir komu að landi nálægt Stykkishólmi og fengu *leiðsögumann* til að fylgja sér til Alþingis. Fyrsti erlendi rannsóknarleiðangurinn kom 1772, leiddur af breska náttúrufræðingnum Sir Joseph Banks. Í leiðangrinum var meðal annarra hinn sænski Uno von Troil, sem ritaði í kjölfarið ferðabók. Þar kemur fram að honum þótti Íslendingar heldur hnípin þjóð, þótt þeir „væru menn ákaflega góðlyndir og heiðarlegir ... svo þungbúnir eru þeir, að mig minnir, að ég sæi þá sjaldan hlæja“. Leiðangur Joseph Banks vakti mikla athygli samtímamanna á Íslandi og komu margir aðrir leiðangrar í kjölfarið. Árið 1889 birtist mynd í blaði af skemmtiferðafólki við Godafoss og í myndatexta sagði að á síðari tímum hefðu fjölmargir erlendir ferðamenn lagt leið sína hingað til lands og farið um byggðir og öræfi. Gera má ráð fyrir að allir



hóparnir sem komu hingað á 17., 18. og 19. öld hafi fengið til liðs við sig leiðsögumenn í héruðunum sem þeir heimsóttu, og auk þess fengið hesta og umsjónarmenn þeirra til að fylgja sér um landið.

Einar Benediktsson skáld skrifar árið 1896 um ferðamennsku í blað sitt *Dagskrá*, í tilefni af komu skips með ferðamenn hingað til lands, og biður menn að hugleiða hvernig þeir geti haft gagn og arð af komu þeirra og hagnast sem mest á þeim.

Umhverfi ferðaþjónustunnar fyrir 50 árum

Hverfum þá hálfu öld ár aftur í tímann, þegar leiðsögumenn töldu þörf á að stofna með sér samtök. Það er áhugavert að íhuga hverskonar umhverfi ferðaþjónustan bjó þá við, en Ferðaskrifstofa ríkisins hafði verið ráðandi afl á þessu sviði til fjölda ára, skipulagði ferðir um landið og hélt námskeið fyrir leiðsögumenn. Vissulega voru einkareknar ferðaskrifstofur líka komnar til skjalanna, en sumar þeirra lifðu þó ekki lengi og ýmsar hræringar og umræður fylgdu falli þeirra, enda starfsumhverfið ekki ákjósanlegt í samkeppni við ríkisrekna ferðaskrifstofu.

Það hefur e.t.v. orðið til þess að þetta ár, 1972, var skipuð sérstök þriggja manna nefnd af hálfu samgönguráðuneytisins til þess að endurskoða gildandi lög um ferðamál sem gilt höfðu frá 1969. Lagafrumvarpið sem nefndin samdi var svo lagt fram á Alþingi í nóvember 1973, sem starfaði á þessum tíma í tveimur deildum svo því sé haldið til haga, og afgreitt frá báðum deildum þingsins vorið eftir, en varð þó ekki að lögum í þetta sinn. Vorið 1974 var nefnilega mikil upplausn á Alþingi sem endaði með því að stjórnin sagði af sér sem frægt varð, eftir að ráðherrar og fleiri í stjórnarflokkunum hættu stuðningi sínum við hana. Efnt var til kosninga í kjölfar þessara atburða. Stjórnin sem tók við ákvað að halda áfram með frumvarpið um skipulag ferðamála og var það samþykkt lítið breytt undir þinglok í maí 1976.

Lítið fjallað um leiðsögumenn

Við yfirlestur á frumvarpinu og lögnum fer ekki mikið fyrir orðinu „leiðsögumaður“. Það má þó finna í kafla sem ber heitið *Þjónustustarfsemi*, en þar segir í öðrum tölulið: „*Að skipuleggja og sjá um námskeið fyrir leiðsögumenn samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð er ráðherra setur.*“ Svo mörg voru þau orð. Árið 1981 gaf samgönguráðuneytið út reglugerð um menntun leiðsögumanna, og er það líklega hún sem vísað er til í fyrrgreindum lögum.

„*Það er tilgangur frumvarps þessa að koma á skipulegri vinnubrögðum en áður í ferðamálaum Íslendinga,*

bæði vegna ferðalaga landsmanna sjálfra og út-lendinga, sem til landsins koma, svo og að auka hlut-deild Íslendinga í alþjóðlegum ferðamálaum,“ segir í greinargerðinni með frumvarpinu. Þá segir að ferðamannastraumurinn hafi víðtæk áhrif á efnahagslífið, sérstaklega hjá þeim sem starfa beint við ferðamennsku, en líka á aðra þætti: „*Þannig má nefna framleiðendur hvers konar matvæla, framleiðendur og seljendur minjagripa og fatnaðar, svo og leigubifreiðastjóra, sérleyfis- og hópferðabifreiðastjóra, rakara- og snyrtistofur, eigendur veiðiréttar, og þannig mætti lengi telja.*“ Já, þarna eru nefndar rakara- og snyrtistofur, en hvergi minnst á leiðsögumenn!

Hlutverk okkar

Síðar er svo komið inn á umhverfismál: „*Frumvarp þetta hvílir á þeirri meginkoðun að Íslendingar eigi að vera stoltir af að sýna erlendu ferðafólki náttúru- undur landsins og leyfa því að njóta töfra íslenskrar náttúru, að því marki sem eðlileg umhverfisvernd setur.*“ Svipað orðalag má sjá víðar og miklu fyrr í rituðu máli um ferðamennsku á Íslandi, og minnir okkur leiðsögumenn á að hlutverk okkar er ekki aðeins að segja frá náttúru, menningu og sögu lands okkar, heldur erum við líka einskonar landverðir og sífellt að gæta að öryggi fólks í ferðum okkar.

Reyndar er til alþjóðleg skilgreining á hlutverki leiðsögumannsins og kemur hún fram í sameiginlegri yfirlýsingu Samtaka leiðsögufélaga í Evrópu (FEG) og Alþjóðsambands leiðsögufélaga (WFTGA) og hljóðar svo: „*Leiðsögumaður ferðamanna miðlar staðbundnum fróðleik um menningu og náttúruferðir til gesta, oftast á þeirra eigin tungumáli, og hefur til þess réttindi útgefin af þar til bærum yfirvöldum.*“

Núgildandi lög um skipan ferðamála tóku gildi 1. janúar 2019 og fjalla mest um Ferðamálastofu og hlutverk hennar, enda bera þau heitið *Lög um Ferðamálastofu*. Einnig er þar fjallað um Ferðamálaráð og hlutverk þess. Ferðamálaráð er mikilvægur vettvangur fyrir alla þá sem starfa í ferðaþjónustu, en rödd leiðsögumanna hljómar þar því miður ekki, þar sem þeir eiga ekki sæti í ráðinu. Það má að lokum nefna að í þessum nýlegu lögum um skipan ferðamála kemur ekki fram nein stefnumörkun í ferðaþjónustu og ekki finnst þar stafkrókur um leiðsögumenn!



LOFSÖNGUR LEIÐSÖGUMANNNSINS



Eitt það merkilegasta og óvæntasta sem ég upplifði þegar ég fór að vinna við leiðsögn var hve starfið er margbreytilegt og gífurlega gefandi. Reyndar einnig mun meira krefjandi en ég hafði búist við, þrátt fyrir að í Leiðsöguskólanum hefði verið hamrað á fjölbreyttum kröfum oft vel menntaðra ferðamanna. Fljótlega gerði ég mér því ljóst að það væri bráðnaðsynlegt að vera haldin ómældum áhuga og ósejandi forvitni jafnt á landi og þjóð, menningunni, sögunni og náttúrunni, til að geta stöðugt bætt við grunnþekkinguna úr Leiðsöguskólanum.

Annað sem kom á óvart var að það er alltaf eitthvað nýtt að sjá og taka eftir þegar ekið er um landið í jeppum eða rútum, í mismunandi veðrum og stöðugt breytilegri birtunni. Jafnvel þegar Gullhringurinn er ekinn í fimmhundraðasta eða þúsundasta sinn, og ekki síður þegar farið er yfir hálandið eða hringinn í kringum landið.

Þegar vel tekst til með kynningu lands og þjóðar, ekki síst ef hægt er að ná fram brosi um leið og merkileg fræðin eru reifuð, geta viðtökurnar verið virkilega gefandi. En það krefst óhemju forvinnu og gagnaöflunar og síðan tengingar við umheiminn, helst heimaland hópsins. Grunnur þeirrar vinnu eru fyrrnefndu fyrirlestrarnir í Leiðsöguskólanum, þar sem færustu fræðingar landsins komu með sinn hnitmiðaða fróðleik, sem leiðsögumaður-

inn bætir síðan sjálfur við þegar kemur fram nýtt áreiðanlegt efni.

Eitt af því sem gerir starf leiðsögumannsins svo frjótt og spennandi er einmitt að það þarf stöðugt að bæta við efnið og jafnvel breyta. Umhverfið og heimurinn stendur eðlilega ekki í stað og það krefst þrotlausrar athygli og einbeitts vilja að aðlaga efnið því sem best er vitað þá og þá stundina, sem og þeim hópi ferðamanna sem á hlýðir, því þótt oft sé verið sé að fjalla um sömu hluti getur verið nauðsynlegt að vera með mismunandi áherslur eða orðanotkun.

Undrun og áhugi erlendu ferðamanna er verulega smitandi. Þeir eru flestir að ferðast í fyrsta sinn til þessarar ungu og afskekktu eyjar, þar sem hægt er að sjá hafsbotnsskorpuna berum augum eins og einn jarðfræðinganna okkar komst eitt sinn stoltur að orði. Ferðamennirnir sýna óþrjótandi forvitni um allt varðandi land og þjóð og vilja vita sem mest um það hvernig er og hefur verið að búa á þessari hrjóstrugu, harðbýlu, en falletgu eyju langt úti í hafi. Margvísleg svör þurfa stöðugt að vera til reiðu.



Íhugunarvert atriði í starfi leiðsögumans er þó, að þrátt fyrir kröfu um góða fræðslu má ekki gleyma að kunna að steinþegja þegar það á við og veita rými fyrir ró og slökun. Það er ef til vill eitt hið allra mikilvægasta í starfi leiðsögumansins.

Auðvitað er það einungis stórfurðulegt fólk sem ætlar sér að stunda framúrskarandi leiðsögn. Fólk sem er bæði haldið óforbetrarlegri fullkomunaráráttu og ákveðnum umhyggjuheilkennum, svipað og ungamma sem verður sífellt að fullvissa sig um að öllum í hópnum, hverjum og einum einasta, líði eins vel og best verður á kosið. Visst sálrænt inn-sæi er mikilvægt og einnig skilningur og hæfni til að greina á milli hvenær er rétt að láta eitt yfir alla ganga, hvenær eigi að taka tillit til einstaklingsþarfa og þá hvernig, hvenær þurfi að vera með ákveðni ef einhver er með ágengni, og hvenær ætti frekar að gefa eftir og veita ferðamönnum frelsi til athafna innan vissra marka. Þetta allt veldur því að góðir, ábyrgir og metnaðarfullir leiðsögumenn komast hreinlega ekki hjá því að kynna sjálfum sér stöðugt betur um leið og þeir kynna land sitt og þjóð.

Það vakti undrun mína þegar ég gerði mér grein fyrir vissu samhengi milli hópa háttsettra aðila úr atvinnulífi eða stjórnárum og hópa breskra ungl-inga og kennara þeirra. Í báðum tilvikum varð á

svipaðan hátt að gefa eftir á viðkomustöðunum og leyfa ákveðið frjálssræði, þótt ráðamennirnir þyrftu reyndar ekki að fá að brjóta ísinn á pollunum eða vaða snjóinn upp að hnjám! Annað dæmi er þegar inn í hóp ferðamanna slæðast aðilar sem eru í raun einfarar og þurfa að fá að fara sínar eigin leiðir. Líka geta verið í hópnum einstaklingar sem eru vanir að taka ákvarðanir og jafnvel skipa fyrir, eins og einn fyrrverandi kvenhershöfðingi Bandaríkjahers og ísraelskur kvenorrustuflugmaður, sem slæddust inn í sinn hvorn ferðahópinn minn.

Sú innsýn í mannlegt eðli sem starfið veitir, virðingin sem starfið krefst jafnt gagnvart sjálfum sér, ferðamönnum, landinu og öllu umhverfinu, er þroskandi og hreint ómetanleg. Gott er til þess að vita að allra nýjustu fregnir herma að nú sé farið að örla á skilningi ráðamanna ferðageirans að virða hina margslungnu fagmennsku leiðsögumanna, sem vinna af elju við að kynna land og þjóð sem best má vera. Í augsýn er því framtíð þar sem Ísland verður talið einna eftirsóttasta land jarðkringlunnar heim að sækja, ekki síst vegna þeirra einstaklega fræðandi og faglegu ferða sem verða í boði, sjálft landið stendur vel undir því, engu öðru landi líkt.

UPPLIFÐU REYKJANES

Áslaug J. Marinósdóttir

HAPPAFENGUR Í FERÐAÞJÓNUSTUNNI



Sumarið 2022 er búið að vera erilsamt í ferðaþjónustunni. Við þekkjum öll hvað fylgir því, mikill straumur erlendra ferðamanna um allt land, mikill fjöldi erlendra starfsmanna í gisti- og veitingabransanum, og svo við leiðsögumenn sem nú orðið erum bæði af innlendum og erlendum uppruna. Auðvitað hafa leiðsögumenn af erlendum uppruna verið hluti af okkar hópi um langt árabíll, útlendingar sem rekið hefur á fjörur okkar – og gjarnan einmitt verið mikill hvalreki í okkar litla og einsleita samfélagi. Þannig eru leiðsögumenn af ýmsum toga.

Sum okkar eru búin að vinna lengi við leiðsögn, hófu kannski starfið sem sumarvinnu með háskólánámi eða til að drýgja launin í kennarasumarfríu sínu. Slík þriggja mánaða löng kennarasumarfrí heyrir nú sögunni til og starfið er í æ ríkari mæli á heilsárs grundvelli. Þrátt fyrir það þekktist það enn að leiðsögumenn í fastri vinnu við önnur störf nota ýmist hluta af sumarfríu sínu til að vinna við leiðsögn eða taka sér launalaust leyfi til að þessa að hoppa í nokkrar ferðir yfir háannatímamann. Ef til vill eru þeir með samviskubit yfir því að taka „bestu bitana“ af kollegum sínum sem eru að reyna að lifa af leiðsögn allt árið, en í ljós kemur æ ofan í æ að ekki veitir af sem flestum yfir háannatímamann til að manna ferðir sem annars yrðu vandræði að finna þjálfað fólk í. Og þrátt fyrir þeirra framlag vantar engu að síður samt oft leiðsögumenn um háannatímamann.

Nú um nokkurt skeið hefur einn hópur bæst við í okkar raðir sem hjálpar mikið til við að manna ferðir þegar mest gengur á í ferðaþjónustunni. Það er fólk sem hefur tekið að starfa við leiðsögn eftir að það er komið á eftirlaunaaldur. Við vitum öll að fólk eldist betur nú á tímum en fyrri kynslóðir gerðu og á oft eftir heilmikið af starfsorku þegar það hættir í hefðbundnu lífs- og launastarfi. Á þessu æviskeiði

fer fólk oft að sinna áhugamálum sínum í meira mæli en áður og jafnvel verða sér úti um ný. Í hinni miklu flóru námsleiða sem fólki stendur til boða á almennum markaði er t.d. leiðsögunám. Í því námi má nú orðið sjá margt fólk sem er „komið á aldur“ og margir þeirra sem þar eru ætla sér kannski ekki endilega að fara að starfa við leiðsögn, en velja sér þetta nám af áhuga á landi og þjóð og til að verða sér úti um þekkingu á margvíslegum sviðum. Enda er námið yfirgrípsmikið og veitir góða yfirsýn yfir náttúru Íslands, flestar hliðar samfélagsins og sögu og menningu þjóðarinnar. Fyrir spræka og fróðleiksfúsa ellilífeyrisþega er þetta því býsna skemmtilegt nám.

Sumir í þessum hópi fara svo á fullt við leiðsögustörf, jafnvel í langferðir, að námi loknu. Aðrir eru tregari til að vinna í lengri ferðum en fúsir að fara eina og eina dagsferð. Þannig hefja margir störf þegar háannatímaminn rennur upp og alls staðar vantar leiðsögumenn. Þær ferðaskrifstofur sem ráða leiðsögumenn í ferðir með farþega skemmtiferðaskipa þurfa stundum að manna fleiri tugi ferða einn og sama daginn þegar mest er að gera á sumrin, og þegar þannig stendur á er gott að geta leitað til fólks sem vill gjarnan taka að sér dagsferðir en koma heim til sín á hverju kvöldi og sofa í eigin rúmi. Þótt það hafi ekki endilega verið ætlunin, enda þessir leiðsögumenn engu að síður stundum með því að koma dag eftir dag á bryggjuna og vinna langa og stundum erfiða daga.

Margir þessara leiðsögumanna eiga að baki langa starfsævi sem sérfræðingar í ýmsum geirum samfélagsins, eru hámenntaðir í sínu fagi og hafa svo bætt við sig hinu almenna leiðsögunámi til viðbótar við sérfræðiþekkingu sína. Þessir leiðsögumenn reynast því vera algerir gullmolar og mikill happafengur fyrir ferðaþjónustuna.



GLJÚFRASTEINN
Hús skáldsins



LAVA

VELKOMIN Á LAVA

Leiðsögumenn fá frítt inn
með maka gegn framvísun
leiðsögumannaskjaldar.



MEIRI UPPLÝSINGAR Á
lavacentre.is

Opíð alla daga
9:00 - 17:00



Eldfjalla- & jarðskjálftasýningin
Austurvegur 14, Hvolsvöllur · South Iceland